

Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900 Fax 460-8919
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



RANNSÓKNAMISSERI

KENNARA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Úttekt

Mai 2010

Sigrún Sif Jóelsdóttir

R08036KAN

***Úttekt unnin að beiðni
Félags háskólakennara á Akureyri***

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	1
1. RANNSÓKNAMISSERI KENNARA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI	4
1.1. FORSENDUR FYRIR VEITINGU RANNSÓKNAMISSERA	5
1.2. TILLÖGUR OG ÁKVARÐANIR HÁSKÓLARÁÐS HA UM KOSTNAÐ VIÐ RANNSÓKNAMISSERI Á ÁRUNUM 2000-2009	7
2. GÖGN OG AÐFERÐ	11
2.1. TILGANGUR OG MARKMIÐ	11
2.2. FRAMKVÆMD	13
2.3. ÚRVINNSLA	14
3. NIÐURSTÖÐUR	17
3.1. HÁSKÓLAKENningar VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI 1999-2009.....	18
3.1.1. <i>Konur og karlar í kennarastöðum við HA 1999-2009</i>	21
3.2. RANNSÓKNAMISSERI KENNARA VIÐ HA 1999-2009.....	25
3.2.1. <i>Fjöldi og lengd rannsóknamissera á tímabilinu 1999- 2009</i>	27
3.2.2. <i>Fjöldi kennara í rannsóknamisseri</i>	31
3.2.3. <i>Fjöldi rannsóknamissera, nýting og hæfi til umsóknar um rannsóknamisseri</i> 36	
3.3. RANNSÓKNAVIRKNI KENNARA VIÐ HA 2000- 2009.....	40
3.3.1. <i>Rannsóknastig eftir árum, stöðu, kyni og hvort kennari fór í rannsóknamisseri á tímabilinu eða ekki</i>	40
3.3.2. <i>Rannsóknavirkni kennara sem fóru í rannsóknamisseri (2000-2006) og þeirra sem fóru ekki í rannsóknamisseri.</i>	49
3.3.3. <i>Áhrif rannsóknamissera á rannsóknavirkni kennara</i>	50
3.4. FJÁRVEITING OG KOSTNAÐUR VEGNA RANNSÓKNAMISSERA VIÐ HA	54
3.4.1. <i>Raunkostnaður og áætluð fjárveiting HA vegna rannsóknamissera</i>	54
3.4.2. <i>Áætlaður kostnaður vegna rannsóknamissera og raunkostnaður</i>	56
3.5. AFLEYSINGAR RANNSÓKNAMISSERISHAFA	60
3.6. ÁÆTLAÐUR MEÐALKOSTNAÐUR Á HVERN RANNSÓKNAMISSERISHAFA EFTIR STÖÐU	65
3.6.1. <i>Tímabundin ráðning til afleysingar</i>	65

3.6.2. Stundakennari fenginn til afleysingar.....	66
4. SAMANTEKT.....	69
HEIMILDIR	75
VIÐAUKI 1	78
FORMLEGT SVARBRÉF TIL RANNSÓKNAMISSERISHAFA	78
VIÐAUKI 2	79
ÚR STOFNANASAMNINGI HÁSKÓLANS Á AKUREYRI VIÐ FÉLAG HÁSKÓLAKENNARA Á AKUREYRI FRÁ 1. MAÍ 2006 TIL 30. APRÍL 2008.	79

MYNDIR

Mynd 1. Heildarfjöldi kennara við HA og hlutfallsleg skipting eftir stöðu 1999-2009.	19
Mynd 2. Fjöldi og hlutfall kennara við HA eftir stöðu 1999 -2009.	19
Mynd 3. Fjöldi kennara við Háskólann á Akureyri og hlutfallsleg skipting eftir stöðu og kyni 1999-2009.....	21
Mynd 4. Skipting karla og kvenna í kennarastöðum við HA og hlutfallsleg skipting eftir stöðu 1999-2009.....	22
Mynd 5. Samanburður á meðalstarfshlutfalli kennara við HA á tímabilinu 1999 - 2009 eftir stöðu og kyni.	23
Mynd 6. Þróun meðalstarfshlutfalls eftir stöðu kennara við HA á tímabilinu 1999-2009.	24
Mynd 7. Þróun meðalstarfshlutfalls eftir kyni kennara við HA á tímabilinu 1999-2009.....	25
Mynd 8. Fjöldi rannsóknamissera og umsókna á árunum frá 1999-2009 og samanlagt umsóknarhæfi á árabilinu 2003-2008 ekki nýtt til umsókna.	26
Mynd 9. Fjöldi og hlutfall rannsóknamissera eftir lengd misseris 1999-2009.	27
Mynd 10. Fjöldi og hlutfall rannsóknamissera eftir kyni og lengd misseris 1999-2009.	28
Mynd 11. Fjöldi og hlutfall rannsóknamissera eftir stöðu og lengd rannsóknamissera 1999-2009.....	29
Mynd 12. Samanburður á hlutfallslegum meðalfjölda mánaða úr ári eftir stöðu og kyni sem kennarar voru frá kennslu vegna rannsóknamissera við HA 1999-2009.....	30
Mynd 13. Fjöldi og hlutfall kennara eftir stöðu sem fóru í rannsóknamisseri eða sóttu ekki um á sama tímabili 1999-2009.	31
Mynd 14. Fjöldi og hlutfall kennara eftir kyni og stöðu sem fóru í rannsóknamisseri eða sóttu ekki um á sama tímabili 1999-2009.	32
Mynd 15. Fjöldi veittra rannsóknamissera til kennara eftir stöðu 1999-2009.....	33
Mynd 16. Fjöldi veittra rannsóknamissera til kennara eftir stöðu og kyni 1999-2009.....	34
Mynd 17. Hlutfallslegur meðalfjöldi mánaða úr ári vegna rannsóknamissera eftir fjölda rannsóknamissera og stöðu 1999-2009.....	35
Mynd 18. Hlutfallslegur meðalfjöldi mánaða úr ári vegna rannsóknamissera eftir fjölda rannsóknamissera og kyni 1999-2009.	36
Mynd 19. Heildarfjöldi kennara sem þáði rannsóknamisseri, hafði hæfi til umsóknar en sótti ekki um, hætti við eða frestaði umsókn á árunum 2003-2009.....	37

Mynd 20. Fjöldi kennara eftir stöðu sem þáði rannsóknamisseri 2003-2009 í samanburði við hæfa umsækjendur sem ekki sóttu um rannsóknamisseri sama ár.	38
Mynd 21. Fjöldi kennara eftir kyni sem þáði rannsóknamisseri 2003-2009 í samanburði við aðra hæfa umsækjendur sem ekki sóttu um rannsóknamisseri sama ár.....	39
Mynd 22. Dreifing rannsóknastiga kennara við HA eftir árum, 2000-2008.	41
Mynd 23. Dreifing rannsóknastiga eftir stöðu á tímabilinu 2000–2009.....	42
Mynd 24. Dreifing rannsóknastiga (meðaltal rannsóknastiga á tímabilinu) kennara við HA eftir kyni á tímabilinu 2000-2009.....	43
Mynd 25. Dreifing rannsóknastiga (meðaltal) kennara eftir því hvort þeir fóru í rannsóknamisseri á tímabilinu frá árinu 2000-2009 eða fóru ekki í rannsóknamisseri. ..	44
Mynd 26. Meðalfjöldi rannsóknastiga og hlutfallsleg skil stigamatsskýrslu kennara við Háskólann á Akureyri frá árinu 2000-2009.....	45
Mynd 27. Meðalfjöldi rannsóknastiga kennara við HA eftir kyni á tímabilinu 2000-2009. ...	46
Mynd 28. Meðaltal rannsóknastiga kennara við HA eftir stöðu á tímabilinu frá 2000-2009..	47
Mynd 29. Meðaltal allra rannsóknastiga á tímabilinu frá 2000-2009 eftir stöðu og kyni.	48
Mynd 30. Meðaltal rannsóknastiga á rannsóknamissersárinu 2000 til og með 2006 í samanburði við meðaltal rannsóknastiga þeirra sem fóru í rannsóknamisseri sama ár og einu og tveimur árum eftir rannsóknamisseri.	49
Mynd 31. Samanburður á rannsóknavirkni rannsóknamissersihafa.	51
Mynd 32. Samanburður á rannsóknavirkni kennara við HA í rannsóknamisseri og á fyrsta og öðru ári eftir rannsóknamisseri eftir stöðu.....	52
Mynd 33. Samanburður á rannsóknavirkni kennara við HA í rannsóknamisseri og á fyrsta og öðru ári eftir rannsóknamisseri eftir kyni.	53
Mynd 34. Árleg fjárframlög til rannsóknamissersa, raunkostnaður og áætlaður launadagpeninga og ferðakostnaður frá árinu 2000-2008.....	58
Mynd 35. Kostnaður vegna rannsóknamissersa kennara (svört lína), meðalkostnaður fyrir hvert rannsóknamisseri (0,5 ár) á tímabilinu (appelsínugul lína) og kostnaður að meðaltali miðað við heildarfjölda starfandi kennara við HA frá 2000-2008 (bláir stöplar-í þúsundum króna talið).....	59
Mynd 42. Fjöldi og hlutfall afleystra kenndra stunda og fjöldi afleysinga á tímabilinu frá 1999-2009.....	61

Mynd 43. Fjöldi afleysinga (námskeiða) eftir stöðu kennara í rannsóknamisseri og stöðu þeirra sem leysa af.....	62
Mynd 44. Meðaltal afleystra stunda eftir stöðu kennara í rannsóknamisseri og stöðu þeirra sem leysa af.....	63
Mynd 45. Hlutfallsleg kennsluskylda miðað við meðaltalsrannsóknavirkni síðustu þrjú til fimm árin.....	79

TÖFLUR

Tafla 1 Lýsandi tölfræði rannsóknastiga kennara við HA á árunum 2000 - 2009.	40
Tafla 2. Yfirlit vegna fjárframlaga HA til rannsóknamissera og áætlaðs kostnaðar vegna umsókna um rannsóknamisseri.....	55
Tafla 3. Fjöldi rannsóknamisserishafa, raunkostnaður og kostnaður að jafnaði á hvert rannsóknamisseri og hvern rannsóknamisserishafa.....	55
Tafla 4. Fjöldi rannsóknamisserishafa, áætlaður kostnaður (laun, dagpeningar og ferðakostnaður), kostnaður að jafnaði á hvert rannsóknamisseri og á hvern rannsóknamisserishafa.....	57
Tafla 5. Áætlaður meðalkostnaður á hvern rannsóknamisserishafa eftir stöðu.....	65
Tafla 6. Launakostnaður aðjúnkts vegna afleysinga rannsóknamisserishafa.	66
Tafla 7. Launakostnaður stundakennara vegna afleysinga rannsóknamisserishafa.....	67
Tafla 8. Samanlagður meðalkostnaður vegna rannsóknamissera eftir stöðu og afleysingarstundakennara fyrir 1 og 2 námskeið.....	68
Tafla 9. Samanlagður meðalkostnaður vegna rannsóknamissera kennara og afleysinga eftir stöðu.	68

INNGANGUR

Markmiðið með þessari skýrslu er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar er lögð áhersla á að varpa ljósi á raunkostnað Háskólans Á Akureyri (HA) vegna rannsóknamissara háskólakennara og hins vegar að skýra áhrif rannsóknamissara á rannsóknavirkni kennara.

Rannsóknamissari hafa þann megingilgang að leysa kennara undan daglegum skyldum og veita þeim aukið svigrúm til ígrundunar í starfi, aukið svigrúm til rannsókna eða virkrar þátttöku í öðru sem eykur frekar hæfni og orku í kennslu og starfi (Sima, 2000; Toomey og Connor, 1988; Zarhorski, 1994; Foreman, 1976).

Rannsóknamissari (e. sabbatical leave) voru fyrst kynnt á hærra menntunarstigi á nítjándu öldinni og voru þá notuð sem nokkurs konar ráðningartól við Harvard Háskóla í Bandaríkjunum. Þá var rannsóknamissarum haldið á lofti sem fríðindum í starfi í samkeppni við hærri laun einkageirans (Toomey og Connor, 1988). Notkun rannsóknamissara í háskólum varð útbreidd í almennum háskólum á tuttugustu öldinni en þróuðust úr því hlutverki að vera fríðindi í starfi til þess að vera tæki til þróunar á virkni í starfi háskólakennara (Meehan, 1999).

Samkvæmt Miller, Murry Jr. og Kang (2007) hefur rannsóknamissarum verið úthlutað á að minnsta kosti þrenns konar forsendum svo þekkt sé. Sem umbun, sem svigrúm til þróunar í starfi eða sem ákvörðun á grunni eða stjórnsýslu viðkomandi stofnunar. Boening (1996) gerði 10 ára rannsókn á rannsóknamissarum sem veitt voru sem umbun til háskólakennara fyrir vel unnin störf, nánast sem pólitísk umbun. Niðurstöður Boening (1996) og síðar Miller og Bai (1998) sýndu að þegar rannsóknamissarum var úthlutað með þessum hætti minnkaði rannsóknavirkni að loknu rannsóknamissari. Jafnvel þó að sá sem þiggur rannsóknamissari hafi möguleika til að bæta kennsluhætti sína frekar vegna þess svigrúms, hefur hann í reynd hlotið rannsóknamissarið sem umbun áður en það hefst og rannsóknamissarið sjálft

verkar ekki hvetjandi. Niðurstaðan er sú að háskóladeildin eða stofnunin sem viðkomandi starfar við hagnast ekki á veitingu misseris á þessum forsendum. Þetta þarf ekki að koma á óvart ef til dæmis eru skoðuð námslög málgæðunar. Umbun sem afleiðingu hegðunar má vissulega nota til þess að auka líkur á endurtekningu þessarar sömu hegðunar. Í reynd þegar rannsóknamisseri er úthlutað sem umbun í sjálfu sér má segja að það auki líkur á að viðhalda góðum kennsluháttum eftir rannsóknamisserið en ekki virkni í rannsóknamisserinu sjálfu.

Þá getur veiting rannsóknamissera miðað að starfsþjálfun þeirra starfsmanna sem mest þurfa á slíku að halda. Megináhersla er þá lögð á þróun og umbætur í kennslu í háskólum þar sem kennsla er öflugasti hluti starfsemi skólans (Meehan, 1999). Þriðja gerð úthlutunar rannsóknamissera er gerð á grunni reglugerða og stjórnsýslu hverrar stofnunar. Tilgangur með úthlutun rannsóknamissera er þá að stuðla að breytingu til hins betra í starfi þess sem veitt er rannsóknamisseri með veitingu rannsóknamissers og sú stofnun sem úthlutar rannsóknamisseri ber þá um leið ábyrgð á þeim umbótum. Miller og félagar (2007) gerðu skoðanakönnun meðal 182 kennara á háskólastigi á því hvaða viðmið þóttu mikilvæg til að greina árangur eða skort á árangri með rannsóknamisseri og einnig hvaða aðili auk rannsóknamissershafa hefði það hlutverk að tryggja að settum viðmiðum væri náð. Rannsókn þeirra renndi stoðum undir að rannsóknamisseri háskólakennara (aðjúnkta, lektora, dósenta og prófessora) séu þýðingarmikil í starfi kennara. Niðurstöður þeirra benda enn fremur til að rannsóknamisseri stuðli að viðhaldi og endurnýjun þekkingar meðal kennara og auki afköst þeirra við rannsóknir. Skoðanakönnun Millers og félaga varpaði ekki ljósi á þá staðreynd að samkomulag þarf að vera á milli misserishafa og leyfisgjafa né heldur upplýsti rannsóknin um þarfir viðkomandi deildar eða stofnunar varðandi misserisveitingar (Miller o.fl., 2007).

Hér er gerð úttekt á rannsóknamissinum kennara við Háskólann á Akureyri. Ekki er vitað til þess að ráðist hafi verið í slíka úttekt fyrr. Lögð var áhersla á

að skýra og upplýsa um þá þætti sem liggja að baki þeim kostnaði sem HA ber vegna rannsóknamissera. Hér verður greint frá helstu niðurstöðum úttektarinnar sem unnin var á tímabilinu ágúst 2008 til mars 2009 og endurbætt frá september 2009 til apríl 2010. Til athugunar voru rannsóknarmisseri sem var úthlutað frá 1999-2009. Skýrslan var unnin að beiðni Félags háskólakennara á Akureyri (FHA) en Háskólinn á Akureyri studdi myndarlega við framkvæmd úttektarinnar. Megin tilgangurinn með þessari úttekt var að veita stjórn FHA og yfirstjórn Háskólans á Akureyri upplýsingar varðandi þá helstu þætti sem tengjast rannsóknamisserum kennara við HA. Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) annaðist framkvæmd úttektarinnar fyrir FHA. Sigrún Sif Jóelsdóttir, sérfræðingur hjá RHA bar ábyrgð á vinnunni og sá um endurskoðun á þeirri skýrslu sem Hjalti S. Hjaltason, verkefnisstjóri vann árið 2009.

1. RANNSÓKNAMISSERI KENNARA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Rannsóknamisseri kennara við Háskólann á Akureyri hafa verið veitt í einhverri mynd frá stofnun skólans árið 1987. Fram til ársins 2007 var talað um rannsóknaleyfi en eftirleiðis talað um rannsóknamisseri. Í Árbók Háskólans á Akureyri 1987-1992 kemur fram í kafla um starfsskyldu kennara (19. gr.) að rektor hafi leyfi til að veita mönnum allt að eins mánaðar lausn frá kennsluskyldu og þá sérstaklega ef kennarar vinna tímabundin störf við stjórnun, rannsóknir eða þróun (Háskólinn á Akureyri Rit 2, 1993). Árið 1993 voru samþykktar á háskólafundi reglur um rannsóknamisseri lektora, dósentna, prófessora, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna. Frá háskólaárinu 1993-1994 til og með 1. ágúst 1997 voru tíu kennarar sem nýttu sér rannsóknamisseri (15 og einn fjórða úr misseri eða 15 ¼ misseri). Þar af voru fimm í heilt almanaks- eða skólaár sem jafngildir því að tæplega tveir hafi verið í rannsóknamisseri hvert misseri á þessu tímabili (Háskólinn á Akureyri rit 4, 1999). Á árunum 1997-1999 voru það níu starfsmenn sem fengu rannsóknamisseri (11 og hálf misseri) sem jafngildir því að um þrír hafi verið í rannsóknamisseri á hverju misseri á tímabilinu (Háskólinn á Akureyri rit 7, 2000).

Prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar við Háskólann á Akureyri geta sótt um rannsóknamisseri á grundvelli kjarasamnings fjármálaráðherra og Háskólans á Akureyri, en þar segir í grein 10.1.3:

„Heimilt er háskólaráði að lækka eða fella niður kennslu- og stjórnunarskyldu háskólakennara 1 eða 2 misseri í senn til þess að gera honum kleift að verja auknum hluta vinnutíma síns til rannsóknastarfa. Kennslu- og stjórnunarskylda á starfstíma kennarans að meðtöldum leyfistímanum verði að jafnaði eigi lægri en 50% en háskólaráði er þó heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar sérstaklega stendur á.“ (Stjórnartíðindi, 157/2008. Reglur um rannsóknamisseri kennara við Háskólann á Akureyri, I. hluti, 1. gr. málsgrein a).

Samkvæmt reglum um rannsóknamisseri kennara, sem samþykktar voru á fundi Háskólaráðs Háskólans á Akureyri 28. janúar 2008, á kennari rétt á töku

eins misseris rannsóknamissers eftir 2,5 ár í starfi og töku tveggja missera rannsóknamissers eftir 5 ár í starfi. Í reglum um rannsóknamisseri kennara við Háskólann á Akureyri segir:

„Prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúntar verða að vinna a.m.k. fimm misseri (2,5 ár) til að geta sótt um eitt rannsóknamisseri (0,5 ár) eða tíu misseri (5 ár) til að geta sótt um tvö rannsóknamisseri (1 ár). Rétturinn til að sækja um rannsóknamisseri byggist upp línulega sem nemur 1/5 á ári (misseri) og skal hann ákvarðaður út frá starfstíma kennarans við skólann að frátöldum rannsóknamisserum.“ (Stjórnartíðindi, 157/2008. Reglur um rannsóknamisseri kennara við Háskólann á Akureyri, I. hluti, 2. gr. málsgrein a).

1.1. Forsendur fyrir veitingu rannsóknamissera

Prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúntar við HA eiga, samkvæmt reglum um rannsóknamisseri að skila stigamatsskýrslum um störf, rannsóknir, listsköpun og þróunarverkefni. Til þess að eiga kost á veitingu rannsóknamissers þarf viðkomandi að hafa skilað stigamatsskýrslum árlega fyrir að minnsta kosti þrjú undangengin ár. Umsóknum um rannsóknamisseri skal skilað fyrir hvert almanaksár einu sinni á ári fyrir 1. febrúar árið áður en rannsóknamisseri er fyrirhugað og sækja þarf um eitt eða tvö misseri. Í umsókn þurfa að koma fram greinargóðar upplýsingar um áform umsækjanda, til að mynda um markmið, tengsl við vísindastofnarnir, áætlaðan afrakstur, birtingu niðurstaðna og kynningu á þeim. Jafnframt er skilyrði fyrir því að ný umsókn sé tekin til umfjöllunar að fyrir liggi skýrsla um síðasta rannsóknamisseri.

Skýrslu um rannsóknamisseri skal skilað til stjórnarsýslu rannsókna (SR) tveimur mánuðum eftir að rannsóknamisseri lýkur.¹

¹ Hvaða atriði skulu höfð til hliðsjónar við skýrslugerð eru útlustuð í V. kafla, 12. gr. í reglum um rannsóknamisseri kennara við HA) (Stjórnartíðindi 157/2008).

Til að geta sótt um rannsóknamisseri þurfa metin stig kennara í fullu starfi að vera að minnsta kosti 17 fyrir kennslu og rannsóknir samanlagt og þar af að minnsta kosti fimm stig vegna rannsókna. Fyrir kennara í hlutastöðu eru ofangreind viðmiðunarmörk metin með hliðsjón af starfshlutfalli. Þó er miðað við að stigafjöldi sé ekki lægri en 10 og þar af fimm vegna rannsókna. Við útreikning stigamats vegna rannsóknamissera er miðað við meðaltal síðustu þriggja eða fimm ára eftir því hvort er hagstæðara fyrir umsækjanda. Forsetar fræðasviða og brautarstjórar eiga rétt á rannsóknamisseri eins og þeir hafi gengt almennri kennslustöðu, uppfylli þeir ofangreint lágmarksviðmið um stigamat. Við launaútreikning kennara, á meðan á rannsóknamisseri stendur, er miðað við meðalráðningarhlutfall síðustu fimm ára (10 missera) eða tveggja og hálfis árs (fimm missera) eftir því sem við á. Kennarar skulu fá greidda dagpeninga samkvæmt reglum sem gilda um háskólakennara (Stjórnartíðindi, 157/2008).

Rannsóknamisseranefnd er þriggja manna nefnd sem vinnur úr umsóknum um rannsóknamisseri og skilar sínum tillögum til rektors um hverjir fái úthlutað rannsóknamisseri. Tveir fulltrúar eru skipaðir af rektor og annar þeirra er formaður nefndarinnar. Rektor skipar auk þess einn varamann fyrir þessa tvo fulltrúa. FHA tilnefnir einn fulltrúa og starfandi prófessorar við HA skipa annan. Annar þessara er skipaður fulltrúi í nefndinni en hinn er varamaður. Stjórnsýsla rannsókna² kannar hvort innsendum gögnum vegna umsókna um rannsóknamisseri hafi verið skilað og telst umsókn einungis gild liggja nauðsynleg gögn fyrir samkvæmt reglum. Hlutverk rannsóknamisserindefndar er auk þess að meta þessar umsóknir og hvort þær standast kröfur. Rektor veitir kennurum rannsóknamisseri að fengnu samþykki háskólaráðs og getur auk þess í undantekningartilvikum veitt rannsóknamisseri utan reglubundins umsóknaferlis.

² Í reglum um rannsóknamisseri kallast það rannsóknasvið sem er eldra heiti.

1.2. Tillögur og ákvarðanir háskólaráðs HA um kostnað við rannsóknamisseri á árunum 2000-2009

Háskólaráð HA fjallar um tillögur um rannsóknamisseri og ákvarðar þannig tilhögun og fyrirkomulag rannsóknamissera og fjárframlög. Samkvæmt fundargerð háskólaráðs frá 12. maí árið 2000 fór rannsóknamisserefnend fram á leiðsögn háskólaráðs um fjárveitingar til rannsóknamissera vegna ársins 2001 (talað um rannsóknaleyfi í fundargerð). Þá hafði áætlaður kostnaður vegna rannsóknamissera verið 25 milljónir og 11,6 milljónum hafði þegar verið varið. Að tillögu rektors var ákveðið að fjárveiting yrði til viðbótar 13 milljónir fyrir það árið og ef fjármagn fengist ekki þyrfti að grípa til hagræðingar í rekstri (Háskólaráð Háskólans á Akureyri, 2000, 12. maí. nr. 169). Á fundi háskólaráðs 18. febrúar árið 2000 voru til að mynda samþykktar tvær tillögur. Önnur var sú að veita umsækjendum um tveggja missera leyfi forgang um úthlutun. Hin var sú að greiðsla á fargjaldi vegna ferða í rannsóknamisseri skuli vera að hámarki 115 þúsund nema sérstakar ástæður komi til að mati rannsóknaleyfanefndar (Háskólaráð Háskólans á Akureyri, 2000, 18. febrúar, nr. 172).

Háskólaráð ákvað árið 2001, með hliðsjón af rekstraráætlun fyrir árið 2002, að Háskólinn skyldi verja 32 milljónum króna í rannsóknamisseri á því ári. Árið 2003 voru samþykkt fjárframlög til rannsóknamissera sem námu 30 milljónum króna og jafnframt var rannsóknamisserefnend falið að gera drög að nýjum reglum fyrir nefndina. Árin 2004 og 2005 var ákveðið að fjárheimild yrði 35 milljónir hvort árið um sig³. Árið 2004 var einnig ákveðið að beina þeim tilmælum til formanns rannsóknamisserefnendar að umsækjendur skili nákvæmri áætlun vegna dvalarkostnaðar erlendis og hvernig staðgengilsmálum væri háttað við hvert rannsóknamisseri. Gerð var grein

³ Háskólaráð Háskólans á Akureyri, 2001, 25. maí, nr. 183; 2002, 10. júní nr. 195; 2003, 20. júní, nr. 209; 2004, 12. mars, nr. 216.

fyrir kostnaðaráætlun vegna rannsókn- og starfsþjálfunarleyfa árið 2005 og samþykkt var að tillögu rektors að verja allt að 47 milljónum til rannsókn- og starfsþjálfunarleyfa en þar af yrði um það bil 6 milljónum varið til starfsþjálfunarleyfa⁴.

Áætlaður kostnaður við rannsóknamisseri árið 2006 var 91 milljón eins og kom fram á fundi Háskólaráðs þann 17. mars 2005. Þá hafði rannsóknamisseranefnd hafnað fimm umsóknum af 24 þar sem þær uppfylltu ekki kröfur samkvæmt nýjum reglum um rannsóknamisseri. Rektor var falið af Háskólaráði að finna tvo óháða aðila til að útbúa mælikvarða sem úthlutun byggðist á. Einnig var samþykkt að allt að 55 milljónum yrði varið til rannsóknamissera en myndaður biðlisti (með ótilgreindum fjölda umsóknaraðila) vegna þeirra sem ekki fengu úthlutað það árið. Kostnaður vegna nýrra rannsóknamissera árið 2007 var metinn 76 milljónir króna en á fundi Háskólaráðs HA þann 20. mars 2006 var ákveðið að fresta afgreiðslu rannsóknamissera til næsta fundar. Á rekstraráætlun ársins 2008 voru settar 70 milljónir vegna úthlutaðra rannsóknamissera en áætlaður kostnaður vegna rannsóknamissera 2008-2009 var þá 106 milljónir. Samþykkt var tillaga rektors um að reglur um rannsóknamisseri yrðu endurskoðaðar í samræmi við endurskoðaðar reglur fyrir Háskólann á Akureyri og ákvæði í stofnana-samningi HA og FHA um rannsóknamisseri.

Formaður rannsóknamisseranefndar og starfsmaður sömu nefndar gerðu á fundi Háskólaráðs grein fyrir því hvernig úthlutun vegna rannsóknamissera 2009 byggist á annars vegar röðun á stigamati og fleiri þáttum og hins vegar á þeim fjármunum sem til ráðstöfunar væru. Þá lá fyrir að 80 milljónum yrði veitt til rannsóknamissera á árinu 2009 en búið var að ráðstafa 47 milljónum

⁴ Háskólaráð Háskólans á Akureyri, 2004, 12. mars, nr. 216; 2005, 31. janúar, nr. 226.

samkvæmt ákvörðun fyrri rannsóknamisseranefndar⁵. Starfsskyldur háskólakennara við Háskólann á Akureyri

Um almennar starfsskyldur háskólakennara segir að starfsskyldur prófessora skiptist í 48% kennslu, 40% rannsóknir og 12% stjórnun. Starfsskyldur lektora og dósentar í hálfu starfi eða meira skiptast almennt í 51% kennslu, 43% rannsóknir og 6% stjórnun. Samkvæmt tímabundinni breytingu sem gildir til loka samningstímabils stofnanasamnings Háskólans á Akureyri við Félag háskólakennara (tímabundin breyting í samningi í gildi frá 15. apríl 2005) skiptast starfsskyldur lektora og dósentar í 53% kennslu, 43% rannsóknir og 4% stjórnun. Fyrir lektora og dósentar í minna en hálfu starfi skiptast starfsskyldur almennt í 69% kennslu, 23% rannsóknir og 8% stjórnun. Starfsskyldur aðjúkta skiptast almennt í 65% kennslu, 31% rannsóknir og 4% stjórnun (Stofnanasamningur Háskólans á Akureyri við Félag háskólakennara á Akureyri, 2005).

Tímabundið samkomulag sem gert var á milli HA og FHA um samræmdar aðgerðir um lækkun launakostnaðar HA tók gildi 1. janúar 2010 og gildir til 31. desember 2011. Þetta samkomulag hefur áhrif á starfsskyldur dósentar, lektora og aðjúkta en fellur úr gildi við lok samkomulags. Þá verða starfsskyldur eins og hjá sömu hópum við Háskóla Íslands. Samkomulagið kveður á um að þeir félagsmenn FHA sem eru kennarar, veita 8,5% afslátt frá útreikningi greiðslulíkans vegna kennslu. Á móti skerðingunni kemur 3% lækkun kennsluskyldu lektora og dósentar til samræmis við breytingar á samningum kennara við Háskóla Íslands. Kennsluskylda aðjúkta lækkar á sama tíma um 2% (Samkomulag HA og FHA sótt af vefsíðu FHA).

Samkvæmt stofnanasamningi Háskólans á Akureyri við FHA byggja ákvarðanir um hlutfallslega aukningu á kennsluskyldu umfram almennar starfskyldur á

⁵ Háskólaráð Háskólans á Akureyri, 2006, 20. mars, nr.240; 2007, 30. mars, nr. 253; 2008, 25. apríl. nr. 265.

meðalrannsóknavirkni síðustu þriggja eða fimm ára. Þá er það þannig að lektorar, dósentar og prófessorar í fullu starfi með færri en 10 rannsóknastig að meðaltali síðustu þrjú til fimm ár skulu fá hlutfallslega aukningu á kennsluskyldu. Aðjúnktar í fullu starfi með færri en 7 rannsóknastig að meðaltali síðustu þrjú eða fimm árin skulu fá á sama hátt hlutfallslega aukningu kennsluskyldu (sjá töflur A, B og C í viðauka 2). Kennari getur þrátt fyrir uppfyllta rannsóknaskyldu óskað eftir að auka kennsluskyldu á kostnað rannsóknaskyldu kjósi hann að gera það (Stofnanasamningur Háskólans á Akureyri við Félag háskólakennara á Akureyri, 2006). Samkvæmt samkomulagi HA og FHA fyrir árið 2010 voru ekki gerðar breytingar á samningsbundnum atriðum utan þess að vinnuskylda dósentar og lektora getur færst úr 7 rannsóknastigum í 10 en verður áfram 7 stig hjá aðjúnktum (Samkomulag HA og FHA sótt af vefsíðu FHA).

Aðjúnktar, lektorar og dósentar sem gegna a.m.k. 20% starfi við Háskólann á Akureyri eiga kost á greiðslum fyrir árangur í rannsóknum og nýsköpun í kennslu umfram vinnuskyldu á liðnu almanaksári úr vinnumatssjóði. Stigamatsskýrslum er skilað árlega eigi síðar en 1. mars samkvæmt reglum um vinnumatssjóð Háskólans á Akureyri. Störf kennara eru metin til stiga samkvæmt 1. mgr. 3.5. greinar í stofnanasamningi Félags Háskólakennara á Akureyri og viðsemjenda þess. Árleg vinnuskylda kennara í fullu starfi við HA sem ekki fær greitt fyrir rannsóknavinnu annars staðar miðast við sjö stig. Árleg rannsóknaskylda háskólakennara í hlutastarfi sem þriggja greiðslur vegna rannsókna annars staðar miðast hins vegar við 14 stig. Þau stig sem ávinnast umfram vinnuskyldu teljast til rannsóknafamlags umfram rannsóknaskyldu og eru lögð til grundvallar greiðslu úr vinnumatssjóði (Reglur um vinnumatssjóð Háskólans á Akureyri, 2008).

Samkvæmt verkefnastjóra launa- og starfsmannamála HA (Hugrún Helgadóttir, 2009) er ekki hægt að fullyrða um þann fjölda námskeiða sem liggur að baki uppfylltri árlegri kennsluskyldu en gróflega áætlað má segja að þrjú þriggja eininga námskeið (alls níu einingar kenndar) eigi að vera nálægt

lagi. Sá sem er í hálfri stöðu þarf að sjálfsgöðu aðeins helming á við þann í fullri stöðu. Ef menn fara yfir kennsluskylduna þá fá þeir það sem umfram er í kennslufirvinnu (ef þeir eru í fullri stöðu) eða viðbót við hlutastarf þar til fullri stöðu er náð. Þetta skiptir til að mynda máli þegar skoðaðar eru forsendur fyrir kostnaði við afleysingar kennara sem þiggja rannsóknamisseri þar sem ráðnir kennarar við HA eru gjarnan fengnir til þess að leysa af við kennslu. Nánar verður vikið að þessu síðar.

2. GÖGN OG AÐFERÐ

2.1. Tilgangur og markmið

Tilgangur með þessari úttekt var að varpa ljósi á nokkra þætti sem tengjast veitingu rannsóknamissera til kennara HA. Sérstök áhersla var lögð á að skoða raunkostnað HA vegna rannsóknamissera (a). Einnig var skoðað hvort taka rannsóknamissers hefði áhrif á rannsóknavirkni kennara (b). Hlutföll kynjanna voru skoðuð með tilliti til fyrrgreindra þátta (c) og svo staða kennara við skólann að sama skapi (d). Enn fremur var markmiðið með úttektinni að skapa grundvöll til að meta hvort að þörf væri á frekari rannsóknum á málaflokknum. Ætlunin var að skoða sérstaklega, með tilliti til innihalds rannsókna, hvort að um væri að ræða áherslumun eða breytingar á viðfangsefni með rannsóknamissurum (e). Til að mynda hvort kennarar rannsaka meira eða minna eftir töku rannsóknamissers eða hvort að áherslur og/eða viðfangsefni breytist í rannsóknum. Því miður leyfði umfang úttektarinnar ekki að þetta væri athugað sérstaklega.

Í samræmi við tilgang og markmið var leitast við að skoða eftirfarandi þætti:

a) *Raunkostnaður við rannsóknamisseri.*

Raunkostnaður vegna rannsóknamissera tekur til launa og launatengdra gjalda, dagpeninga og ferðakostnaðar misserishafa. Árlegur raunkostnaður vegna rannsóknamissera frá árinu 2000 til 2009 var fenginn úr bókhaldi fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsviðs HA svo og árleg fjárveiting HA vegna rannsóknamissera.

Einnig var skoðaður áætlaður kostnaður vegna rannsóknamissera eins og hann er reiknaður fyrir hvert umsóknartímabil þegar allar umsóknir liggja fyrir. Litið var til kostnaðar við töku rannsóknamissers eins og hann var metinn við upphaf umsóknarferlis og einungis tekið tillit til úthlutaðra rannsóknamissera á umsóknartímabili. Upplýsingar og trúnaðargögn til að meta áætlaðan kostnað voru fengin frá stjórnslu rannsókna HA (SR).

Til að varpa frekara ljósi á aðra þætti sem kunna að hafa áhrif á þann kostnað sem HA ber í raun af rannsóknamissurum var reynt að skýra hvernig afleysingum vegna rannsóknamissera hefur verið háttað á athugunartímabilinu. Hvaða aðilar það eru sem taka við kennslu þeirra kennara sem eru í rannsóknamisseri og hvaða háttur er almennt hafður á afleysingum vegna rannsóknamissera. Þá var einkum tvennt skoðað: Hlutur stundakennara við afleysingar í samanburði við hlut annarra ráðinna kennara sem leysa af og hvort að reglan væri fremur sú að sá sem leystur væri af hefði hlotið meiri eða minni framgang í starfi en sá sem leysti hann af. Fjöldi kenndra námskeiða á meðan á rannsóknamisseri stóð og fjöldi afleystra stunda vegna rannsóknamissera var einnig skoðaður.

b) *Rannsóknavirkni.*

Til að meta áhrif af töku rannsóknamissers á rannsóknavirkni kennara var leitað eftir trúnaðargögnum frá SR til upplýsingar úr stigamatsskýrslum frá árunum 2001 til og með 2008 og því var ekki um að ræða upplýsingar um stigamat fyrir allt athugunartímabilið (þ.e. 1999-2009).

c) *Kynjamunur.*

Fyrirliggjandi gögn voru greind með tilliti til kynjamunar í heild, varðandi umsóknir um og úthlutun rannsóknamissera ásamt áhrifa á rannsóknavirkni.

d) *Staða kennara*

Auk þess að skoða sérstaklega kynjamun voru gögn greind að nokkru leyti með tilliti til þeirrar stöðu sem kennari gegnir við HA, það er: Aðjúnkts-, lektors-, dósent- eða prófessorsstöðu.


e) *Áherslur í rannsóknnum eða viðfangsefni sem þær fjalla um*

Eins og áður var greint frá reyndist ekki unnt að skoða þennan lið sérstaklega. Til að meta áhrif töku rannsóknamissersis á áherslur í rannsóknnum- eða viðfangsefni hefði þurft að styðjast við nákvæmar upplýsingar úr skilaskýrslum rannsóknamissersa. Trúnaðargögn þessi voru aðgengileg frá SR en umfang úttektar á þessu stigi leyfði ekki ítarlegan lestur og yfirferð skilaskýrslna rannsóknamissersa.

2.2. Framkvæmd

Til að upplýsa um þá þætti sem voru til athugunar (raunkostnað, rannsóknvirkni eftir kyni og stöðu) var aflað nauðsynlegra gagna frá SR og frá verkefnastjóra launa- og starfsmannamála HA. Nauðsynlegar upplýsingar um kennslusögu til nálgunar við mat á afleysingum kennara við rannsóknamisseri voru fengin úr kennslusögu Stefaníu. Gögnum var síðan steipt saman í einn gagnagrunn eftir þörfum til að svara tilgangi og markmiðum með úttektinni og athugunartímabil samræmd eftir aðgengi að upplýsingum. Gagnagrunnur verður áfram í vörslu SR ásamt öðrum trúnaðargögnum.

Fyrirliggjandi skráningar á rannsóknamissersum kennara við HA frá vori 1997 til vors 2010 voru fengnar frá SR. Notaðar voru upplýsingar um rannsóknamisseri frá tímabilinu 1999-2009 við úttektina. Upplýsingar úr stigamati voru fáanlegar frá árinu 2000 til og með 2008. Áætlaður kostnaður vegna umsókna um rannsóknamisseri spannaði tímabil umsókna sem sendar voru inn til SR frá árinu 2002 til og með 2007. Upplýsingar um raunkostnað vegna rannsóknamissersa voru aðgengilegar frá 2000-2009 og upplýsingar um fjárveitingar/fjárframlög HA til rannsóknamissersa voru aðgengileg frá árinu 2000-2009 utan þess að gögn vantaði fyrir árið 2001. Gögn úr kennslusögu voru frá árinu 1999-2009. Skýringarmynd A hér að neðan sýnir hvaða tímabil eftir árum aðgengileg gögn spanna.



Skýringarmynd A. Aðgengi gagna eftir árum (gögn notuð til greininga).

Árið 2007 voru lagðar inn umsóknir vegna óska um rannsóknamisseri á árunum 2008-2009. Samkvæmt tilkynningu frá rektor Háskólans á Akureyri var umsóknarfrestur um rannsóknamisseri sem ljúka átti þann 1. febrúar 2009 framlengdur um óákveðinn tíma. Nýr lokadagur fyrir umsóknir skyldi auglýstur síðar.

Í september 2008 var leitað til skrifstofustjóra deilda við HA eftir upplýsingum um afleysingar vegna rannsóknamissera. Í september 2009 var svo óskað eftir frekari upplýsingum úr starfsmannaskýrslum fræðasviða HA, til að fá upplýsingar um kennaratal á úttektartímabili, um ráðningartíma kennara og hverjir fylltu skarð þeirra sem tóku rannsóknamisseri á fyrrgreindu tímabili. Erindinu var vísað til verkefnastjóra launa- og starfsmannamála sem einnig veitti nauðsynlegar upplýsingar frá fjármála-, starfsmanna-, og rekstrarsviði varðandi rannsóknamisserin á tímabilinu 2000-2008.

Sérfræðingur í upplýsingatækni við Háskólann afhenti gögn úr kennslusögu Stefaníu þar sem fram komu kenndar stundir samkvæmt stundaskrá, heiti námskeiða og heiti kennara.

2.3. Úrvinnsla

Farið var með allar persónuupplýsingar sem trúnaðargögn. Persónuvernd var virt í hvívetna og ekki um það að ræða að hægt sé að rekja niðurstöður úttektar til einstakra aðila. Leitast var við að skoða og greina eftirfarandi þætti í samræmi við tilgang og markmið:

Hversu margir kennarar störfuðu við skólann á tímabilinu 1999-2009 (til og með ársins 2008)?

- Hver voru kynjahlutföll 1999-2009?

- Hver var staða þessara kennara (aðjúnt, lektor, dósent, prófessor)?
- Hvert var starfshlutfall kennara eftir árum 1999-2009?
- Hver voru kynjahlutföll eftir stöðu og stöðugildi, við Háskólann á Akureyri á 1999-2009?

Hversu mörgum var veitt misseri á tímabilinu 1999-2009?

- Hversu mörgum var úthlutað rannsóknamisseri eftir kyni og stöðu?
- Hversu mörg voru rannsóknamisseri eftir kyni og stöðu?
- Hversu mörgum mánuðum var varið að meðaltali í rannsóknamisseri eftir kyni og stöðu?
- Hversu oft var farið í rannsóknamisseri eftir kyni og stöðu?

Hver var rannsóknavirkni kennaranna samkvæmt stigamati á skilgreindu tímabili frá árinu 2000-2009?

- Hver var rannsóknavirkni kennara sem fóru í rannsóknamisseri í samanburði við rannsóknavirkni kennara sem ekki fóru í rannsóknamisseri á sama tímabili?
- Hver var rannsóknavirkni kennara sem fóru í rannsóknamisseri árið sem rannsóknamisseri var tekið í samanburði við einu ári eftir og tveimur árum eftir að rannsóknamisseri hófst?

Hvaða þættir liggja að baki fjárveitingu og kostnaði við töku rannsóknamissera á árunum 2000 og fram til árs 2009 (til og með ársins 2008)?

- Hvernig er áætluð fjárveiting vegna úthlutunar rannsóknamissera í samanburði við útlagðan kostnað vegna rannsóknamissera á sama tímabili?
- Hver var áætlaður kostnaður vegna úthlutaðra rannsóknamissera samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum um laun, launatengd gjöld, dagpeninga og ferðakostnað?

- Hver er raunkostnaður við hvert rannsóknamisseri á athugunartímabili samkvæmt útlögðum kostnaði vegna rannsóknamissera?
- Hver er kostnaður við rannsóknamisseri miðað við aukinn heildarfjölda kennara við Háskólann á Akureyri á athugunartímabilinu?
- Hvaða stöðu gegna þeir aðilar sem fengnir eru til að leysa af við töku rannsóknamissers á athugunartímabilinu?
- Hver er útreiknaður kostnaður vegna rannsóknamissera að jafnaði þegar tekið er tillit til kostnaðar vegna afleysinga?

Niðurstöður úr greiningu gagna eru settar fram í töflum og myndum. Töflur og myndir voru unnar í Excel en tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS.

3. NIÐURSTÖÐUR

Við gagnaöflun þessarar úttektar kom í ljós að litlar sem engar skipulegar skráningar voru til hjá Háskólanum á Akureyri varðandi raunkostnað vegna rannsóknamissera kennara. Leitað var eftir upplýsingum hjá skrifstofustjórum allra fræðasviða HA og kom í ljós að ekki hefur verið haldið utan um eða skráð sérstaklega hverjir leysa þá aðila af í kennslu sem þiggja rannsóknamisseri. Í september 2009 fékkst staðfest frá öllum þremur skrifstofustjórum fræðasviða við Háskólann að ekki væru til skráðar upplýsingar innan fræðasviðanna um afleysingar í tengslum við rannsóknamisseri kennara. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs hefur fyrirkomulagið verið með þeim hætti að námskeið rannsóknamisserishafa færast yfir á þá sem fyrir eru starfandi við skólann og/eða stundakennarar eru fengnir til að kenna. Enn fremur kemur fram samkvæmt sömu heimild að ekki sé vitað til þess að afleysingarstaða hafi verið auglýst í tengslum við rannsóknamisseri (Lára Ósk Garðarsdóttir, 2008).

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofustjóra hug- og félagsvísindasviðs virðist í mörgum tilfellum sem þeir starfsmenn sem fyrir voru hafi bætt á sig námskeiðum þess sem í rannsóknamisseri var, en frekari gagnasöfnunar er þörf til að staðfesta þetta (Heiða Kristín Jónsdóttir, 2008).

Í bréfi til rannsóknamisserishafa eru þau tilmæli að hafa beri náið samráð við viðkomandi deildarforseta varðandi ráðningu staðgengla meðan þeir eru í rannsóknamisseri. Hér að neðan má sjá hluta úr bréfi rannsóknamisserisnefndar til rannsóknamisserishafa.

„Reiknað er með því að þú hafir náið samráð við deildarforseta um ráðningu á staðgengli fyrir þig á meðan þú nýtir rannsóknamisserið. Einnig er rannsóknamisserishafa bent á að Háskólinn á Akureyri líti svo á að samþykki akademískur starfsmaður boð um rannsóknamisseri hafi hann fallist á að stofnuninni sé heimilt að flytja kennslueiningar á milli kennsluára takist starfsmanninum ekki að uppfylla kennsluskyldu sína vegna rannsóknamisseris. Rannsóknamisserisnefnd hefur eftirlit með að

Þessu verði framfylgt í samráði við launadeild.“ (Úr formlegu svarbréfi til rannsóknamissershafa, sjá viðauka 1).

Vegna þess að skráningum á afleysingum vegna rannsóknamissera er í raun ábótavant þyrfti að efna til sérstakrar gagnasöfnunar í þeim tilgangi að afla nauðsynlegra upplýsinga hjá rannsóknamissershöfum í samstarfi við forsvarsmenn fræðasviða. Sú leið varð fyrir valinu eins og fram kemur í aðferðarkafli að styðjast við upplýsingar úr kennslusögu háskólans til að leiða líkur að því hvernig afleysingakennslu hefur verið háttað.

Niðurstaða gagnasöfnunar var einnig sú að mikilvægt væri að hafa aðgengilegar á einum stað upplýsingar um þá þætti er varða úthlutun og töku rannsóknamissera svo og sögulegar upplýsingar á milli ára. Sú gagnasöfnun sem fram fór vegna úttektar rannsóknamissera nýtist til nauðsynlegrar upplýsingagjafar til stjórnenda skólans.


3.1. Háskólakennarar við Háskólann á Akureyri 1999-2009

Alls hafa 176 háskólakennarar (aðjúntar, lektorar, dósentar, prófessorar) kennt við HA á tíu ára tímabili frá 1999-2009⁶. Til samanburðar teljast þeir sem eingöngu hafa starfað sem sérfræðingar á sama tímabili 31 talsins og aðrir starfsmenn en kennarar og sérfræðingar 45. Stundakennarar við skólann teljast samkvæmt kennslusögu hafa verið 645 á árunum 1999-2009.

Árið 1999 voru háskólakennarar alls 47 en árið 2008 voru þeir orðnir 130. Mynd 1 hér að neðan sýnir skiptingu 176 háskólakennara eftir stöðu án tillits til hvenær á tímabilinu viðkomandi kennari starfaði. Ef framgangur (breytingar) í starfi átti sér stað á tímabilinu var miðað við þá stöðu sem kennari var í við lok tímabilsins.


⁶ Hér eru meðtaldir allir kennarar einnig gestaprófessorar eða aðrir þeir sem hafa tímabundið verið í kennarastöðum við skólann.

Sjá má að flestir hafa sinnt stöðu lektors og aðjúnkts. Um það bil 30% kennara við HA sinntu samtals stöðu dósent og prófessors á þessu sama tímabili.



Mynd 1. Heildarfjöldi kennara við HA og hlutfallsleg skipting eftir stöðu 1999-2009.

Þegar skoðaðar eru breytingar á stöðum kennara á milli ára (sjá mynd 2) má sjá að aðjúnktsstöður voru engar árið 1999 en þær eru orðnar 32 árið 2008⁷.



Mynd 2. Fjöldi og hlutfall kennara við HA eftir stöðu 1999 -2009.

⁷ Ákveðið var á tilteknu ári að lögð yrði áhersla á að ráða kennara í stöðu aðjúnkta við skólann en ekki er vitað nákvæmlega hvenær sú ákvörðun lá fyrir.

Prófessorum fjölga úr 4 í 22 eða rúmlega fimmfalt. Hlutfallsleg aukning er þó aðeins úr 9% í 17% eða tvöföldun. Dósentum fjölga úr 11 í 23 eða um helming jafnvel þó um hlutfallslega fækkun sé að ræða úr 23,4% í 17,7%. Heildarhlutur dósentna af stöðum kennara helst þó nokkuð óbreyttur frá árinu 2005-2008.


Lektorsstöðum fjölga heldur en hlutfall þeirra minnkar úr því að vera 68% af öllum stöðum kennara í að vera um 41% og skýrist það aðallega af hlutfallslegri fjölgun aðjúnkta annars vegar og prófessora hins-vegar. Hlutfallsleg fjölgun aðjúnkta er eðli málsins samkvæmt einnig mest eða frá því að vera engin staða til þess að vera 24,6% af öllum stöðum kennara.

Kennurum í heild fjölgaði mest við Háskólann á Akureyri á árunum 2003 -2005. Kennurum í stöðu aðjúnkts og í stöðu prófessors fjölgaði hlutfallslega mest á athugunartímabilinu.

3.1.1. Konur og karlar í kennarastöðum við HA 1999-2009

Það sem helst kemur fram varðandi kynjaskiptingu í kennarastöðum við HA á athugunartímabilinu er að karlar eru fleiri en konur. Þegar stöður kennara eru skoðaðar eftir kyni kemur einnig í ljós að karlar eru fleiri í stöðu dósentis og prófessors en konur eru hlutfallslega fleiri í stöðu aðjúnkts og lektors. Auk þess er meðalstarfshlutfall hærra hjá konum á athugunartímabilinu en hjá körlum, að undanskyldu meðalstarfshlutfalli lektorstöðu sem er nokkuð jafnt milli karla og kvenna.


Heildarfjöldi kvenna er 76 en karlar eru 100. Mynd 3 sýnir heildarfjölda kennara eftir **kyni** og **stöðu** án tillits til hvenær á tímabilinu kennari starfaði. Af þeim konum sem kenndu við HA eru 34% í stöðu aðjúnkts, 50% í stöðu lektors, tæp 12% í stöðu dósentis en einungis 3,9% í stöðu prófessors. Til samanburðar eru 23% karla í stöðu aðjúnkts, 37% karla í stöðu lektors, 18% í stöðu dósentis og 22% í stöðu prófessors.



Mynd 3. Fjöldi kennara við Háskólann á Akureyri og hlutfallsleg skipting eftir stöðu og kyni 1999-2009.

Mynd 4 sýnir fjölda og hlutfallslega skiptingu kennara eftir kyni og stöðu og breytingu á milli ára. Hlutfallslega mun fleiri konur gegna stöðu aðjúnkts og lektors en karlar á tímabilinu. Stöður aðjúnkta meðal kvenna eru í upphafi tímabilsins 4% og meðal karla 6%. Við lok tímabilsins eru 34% kvenna í stöðu

aðjúnkta en 17% karla. Við upphaf tímabilsins eru konur í stöðum lektora 90% en 50% karla. Við lok tímabilsins eru 47% kvenna í stöðu lektors en 35% karla. Þessi munur á stöðu er tölfræðilega marktækur á milli karla og kvenna í þýði kennara við HA (með $Tau-c = -0,268$, $\alpha = 0,000$) yfir allt tímabilið.




Mynd 4. Skipting karla og kvenna í kennarastöðum við HA og hlutfallsleg skipting eftir stöðu 1999-2009.

Konur hafa að meðaltali hærra starfshlutfall⁸ en karlar í sömu stöðu (mynd 5). Hafa verður í huga að mun færri konur en karlar eru í stöðum dósent og prófessora og breytileiki í starfshlutfalli þess vegna minni sem getur haft áhrif á meðaltalið. Einungis meðalstarfshlutfall aðjúnkta er undir heildarmeðaltali starfshlutfalls karla og kvenna. En meðal starfshlutfall lektora er nokkuð nærri


⁸ Starfshlutfall er hér skoðað miðað við þá stöðu sem kennarar gegna í lok athugunartímabils (2008) eða fyrir starfslok. Þá er reiknað meðaltal starfshlutfalls þau ár sem viðkomandi hefur verið í hæstu stöðu. Til dæmis ef kennari fer úr aðjúnktsstöðu í lektorsstöðu er miðað við meðalstarfshlutfall þau ár sem hann hefur gengt lektorsstöðu. Gestaprófessorar eru ekki meðtaldir þegar reiknað er starfshlutfall.

heildarmeðaltali. Til glöggvunar sýna mynd 6 og 7 þróun starfshlutfalls milli ára, annars vegar eftir stöðu og hins vegar eftir kyni.



Mynd 5. Samanburður á meðalstarfshlutfalli kennara við HA á tímabilinu 1999 - 2009 eftir stöðu og kyni.


Þegar nánar er skoðað kemur í ljós að ekki er tölfræðilega marktækur munur á meðalstarfshlutfalli kynjanna að teknu tilliti til stöðu (aðjúnt, lektor, dósent, prófessor) þó að konur séu í hærra starfshlutfalli að meðaltali en karlar. Það þýðir að ekki er tölfræðilega marktækur munur á starfshlutfalli eftir kyni einu og sér. Tölfræðilega marktækur munur er á meðal starfshlutfalli eftir stöðu að teknu tilliti til kyns ($F(3,168)=8,519$, $p=0,000$). Munurinn felst í því að meðalstarfshlutfall aðjúnkta er lægra en hjá lektorum, dósentum og prófessorum. Samvirkniáhrif á milli stöðu og kyns eru ekki tölfræðilega marktæk.



Mynd 6. Þróun meðalstarfshlutfalls eftir stöðu kennara við HA á tímabilinu 1999-2009.

Ef meðalstarfshlutfall eftir stöðu er skoðað eitt og sér yfir allt tímabilið frá árinu 1999-2009 sést að dósentar eru á tímabilinu að meðaltali í hærra starfshlutfalli en próffessorar fram til ársins 2004 (utan ársins 2007). Að sama skapi er starfshlutfall aðjúnta lægra en annarra kennara allt tímabilið (sjá mynd 6). Meðal starfshlutfall allra háskólakennara er í kringum 80% yfir tímabilið.

Konur eru að meðaltali í lægra starfshlutfalli til ársins 2003 en eftir 2005 lækkar meðalstarfshlutfall karla og munur á starfshlutfalli kynjanna breytist (sjá mynd 7). Heildarmeðaltalið fer úr 81% starfshlutfalli árið 1999 í 78% starfshlutfall að meðaltali árið 2008.




Mynd 7. Þróun meðalstarfshlutfalls eftir kyni kennara við HA á tímabilinu 1999-2009.

3.2. Rannsóknamisseri kennara við HA 1999-2009

Athuguð voru rannsóknamisseri á tímabilinu 1999-2009. Alls fóru 69 kennarar við Háskólann á Akureyri rannsóknamisseri á þessu tímabili sem nemur 39% af þeim heildarfjölda kennara sem starfaði við HA á tímabilinu. Umsóknir um rannsóknamisseri voru í heild 98 talsins. Veitt voru alls 88 rannsóknamisseri á tímabilinu til 69 kennara. Fjórir frestuðu töku rannsóknamisseris, tveir hættu við og fjórum umsóknum var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki skilyrði.

Hér var áætlað hæfi til umsóknar um rannsóknamisseri fyrir árin 2003-2008 miðað við reglur um rannsóknamisseri kennara við HA. Þegar frá eru taldir þeir sem sóttu um rannsóknamisseri á tímabilinu 2003-2008 voru aðrir hæfir umsækjendur samanlagt 71 sem ekki sóttu um, ár hvert. Fjöldi

rannsóknamissera var metinn í samanburði við áætlaðan fjölda hæfra umsækjenda ár hvert sem ekki nýtti rétt sinn til töku rannsóknamissersis á þremur undangengnum árum. Miðað var við meðaltal stigamats rannsóknastiga þriggja undangenginna ára á tímabilinu (sjá samantekt á mynd 8)⁹.




Mynd 8. Fjöldi rannsóknamissera og umsókna á árunum frá 1999-2009 og samanlagt umsóknarhæfi á árabílinu 2003-2008 ekki nýtt til umsókna.

⁹ Miðað var við stöðugildi umsóknarárs og meðaltal rannsókn- og kennslustiga þriggja fyrri ára. Upplýsingar um stigamat spanna árin 2000-2009 og því ekki forsendur til að meta hæfi til umsóknar um rannsóknamisseri fyrr en árið 2003. Samkvæmt reglum um rannsóknamisseri þarf kennari að vera metinn samkvæmt stigamati með samtals 17 kennslu- og rannsóknarstig þegar um fullt starf er að ræða. Þar af skulu að minnsta kosti fimm stig vera vegna rannsókna. Kennarar sem ekki eru í fullri stöðu geta sótt um rannsóknamisseri en stig þeirra þurfa að lágmarki að vera samtals 10 og þar af fimm stig vegna rannsókna.


3.2.1. Fjöldi og lengd rannsóknamissera á tímabilinu 1999- 2009

Rannsóknamissurum var úthlutað til alls 88 aðila á tímabilinu 1999-2009, 26 sinnum var um að ræða eitt rannsóknamisseri (0,5 ár) en 62 sinnum voru veitt tvö samfelld rannsóknamisseri (1 ár). Heildarfjöldi rannsóknamissera (0,5 ár) var því 150.




Mynd 9. Fjöldi og hlutfall rannsóknamissera eftir lengd misseris 1999-2009.

Á mynd 9 má sjá fjölda og hlutfall úthlutaðra rannsóknamissera ár hvert frá vori 1999 til vors 2009 eftir því hvort um var að ræða eitt (0,5 ár) eða tvö rannsóknamisseri (1 ár). Árið 2007 voru fleiri sem fóru í eitt rannsóknamisseri en tvö.




Mynd 10. Fjöldi og hlutfall rannsóknamissera eftir kyni og lengd misseris 1999-2009.

Karlar og konur þiggja jafn mörg rannsóknamisseri á tímabilinu en karlar þiggja hlutfallslega oftast eitt rannsóknamisseri í senn en konur. Körlum var veitt rannsóknamisseri 45 sinnum alls 75 rannsóknamisseri. Konum var veitt rannsóknamisseri 43 sinnum alls 75 rannsóknamisseri. Karlar fóru hlutfallslega oftast í hálf t. ár í senn (33%) í samanburði við konur (26%) (sjá mynd 10).



Mynd 11. Fjöldi og hlutfall rannsóknamissera eftir stöðu og lengd rannsóknamissersis 1999-2009.

Prófessorar taka alls 30 rannsóknamisseri, dósentar 36, lektorar 83 og aðjúnktar eitt. Hlutfallslega eru veitt fleiri heils árs rannsóknamisseri á meðal lektora (77%) en á meðal dósentna (71%) eða prófessora (58%).



Mynd 12. Samanburður á hlutfallslegum meðalfjölda mánaða úr ári eftir stöðu og kyni sem kennarar voru frá kennslu vegna rannsóknamissera við HA 1999-2009.

Skoðuð var sérstaklega hlutfallsleg meðallengd úr ári sem hver kennari var frá störfum vegna töku rannsóknamissersis að teknu tilliti til þess hve oft viðkomandi fór í rannsóknamisseri.


Konur í stöðu prófessors taka að meðaltali lengri tíma úr ári vegna rannsóknamissersis (10,67 mánuði) en karlar í sömu stöðu (10,21 mánuð). Þessu er öfugt farið með stöðu dósentis þar sem konur eru styttri tíma úr ári að meðaltali (10,21 mánuð) frá kennslu vegna rannsóknamissera en karlar (10,67 mánuði). Karlar og konur í stöðu lektors eru jafn stóran hluta úr ári frá störfum vegna rannsóknamissera. Meðalfjöldi mánaða úr ári hjá lektorum frá störfum er styttri en dósentis og prófessora þegar rannsóknamisseri eru annars vegar. Meðallengd úr ári vegna rannsóknamissera aðjúnkta er ekki reiknuð hér vegna fámennis. Hvorki kemur fram tölfræðilega marktækur munur á hlutfallslegri meðallengd úr ári vegna rannsóknamissersistöku karla og kvenna, né heldur eftir stöðu (sjá mynd 12).

3.2.2. Fjöldi kennara í rannsóknamisseri

Af þeim 69 kennurum sem fengu rannsóknamisseri á tímabilinu 1999-2009 voru 1,4% aðjúnktar, 47,8% lektorar, 26,1% dósentar og 24,6% prófessorar. Ef framganga í starfi átti sér stað á tímabilinu var miðað við stöðu kennara í lok athugunartímabils (sjá mynd 13).

Hlutfallsleg skipting á stöðum þeirra kennara sem fóru í rannsóknamisseri og þeirra sem ekki sóttu um rannsóknamisseri er ólík. Tölfræðilega marktækur munur er einnig á fjölda kennara eftir **stöðu** sem fóru í rannsóknamisseri og þeim sem ekki fóru í rannsóknamisseri ($Tau-c = 0,532, \alpha = 0,000$).


Þetta merkir einfaldlega að hópur þeirra sem ekki sótti um rannsóknamisseri er ólíkt samansettur þegar kemur að stöðu en sá hópur sem þáði rannsóknamisseri. Prófessorar og dósentar eru til að mynda mun fleiri í hópi þeirra sem fóru í rannsóknamisseri en í hópi þeirra sem ekki sóttu um rannsóknamisseri. Tvö prósent allra aðjúnkta fóru í rannsóknamisseri, 44% allra lektora, 66% dósenta og 68% prófessora.



Mynd 13. Fjöldi og hlutfall kennara eftir stöðu sem fóru í rannsóknamisseri eða sóttu ekki um á sama tímabili 1999-2009.

Heildarfjöldi karla og kvenna sem fóru í rannsóknamisseri á tímabilinu er nokkuð jafn. Karlar voru 36 og konur 33 en hlutfallslega eru fleiri konur af heildarfjölda kvenna sem fóru í rannsóknamisseri en karlar (36% karla í kennarastöðu en 43% kvenna) (sjá mynd 14). Ekki er um að ræða tölfræðilega marktækan mun á þeim konum og körlum sem annars vegar fóru í rannsóknamisseri á tímabilinu og hins vegar þeim sem ekki sóttu um rannsóknamisseri.


Stöður karla sem fóru í rannsóknamisseri skiptust hlutfallslega í 36% lektora, 25% dósentna og 39% prófessora. Stöður kvenna sem fóru í rannsóknamisseri skiptust í 3% aðjúnkta, 61% lektora, 27% dósentna og 9% prófessora. Flestir þeirra karla sem fóru í rannsóknamisseri voru í stöðu prófessors en flestar konur sem fóru í rannsóknamisseri voru í stöðu lektors. Þó ber að benda á að allar konur í stöðu dósentna fóru í rannsóknamisseri á tímabilinu og allar konur í stöðu prófessors að sama skapi.



Mynd 14. Fjöldi og hlutfall kennara eftir kyni og stöðu sem fóru í rannsóknamisseri eða sóttu ekki um á sama tímabili 1999-2009.


Tæp 4% allra kvenna í stöðu aðjúnkts fóru í rannsóknamisseri, 53% kvenna í stöðu lektors, 100% kvenna í stöðu dósents og 100% kvenna í stöðu prófessors.

Af körlum er það að segja að enginn aðjúnkt fór í rannsóknamisseri á tímabilinu. 35% allra karla í stöðu lektors fóru í rannsóknamisseri, 50% í stöðu dósents og 63% karla í stöðu prófessors.




Mynd 15. Fjöldi veittra rannsóknamissera til kennara eftir stöðu 1999-2009.

Af þeim 69 kennurum sem fóru í rannsóknamisseri á tímabilinu 1999-2009 voru 53 kennarar (77%) sem fóru í rannsóknamisseri einu sinni, 13 tvisvar (19%) en þrír fóru í rannsóknamisseri þrisvar til fjórum sinnum (4%). Í síðastnefndum hópi voru einungis prófessorar. Þeir kennarar sem fóru í tvö rannsóknamisseri voru sjö lektorar (54%), fjórir dósentar (31%) og tveir prófessorar (15%). Flestir kennarar fóru í rannsóknamisseri einungis einu sinni, eða einn aðjúnkt (2%), 26 lektorar (49%), 14 dósentar (26%) og 12 prófessorar (23%) (sjá mynd 15).




Mynd 16. Fjöldi veittra rannsóknamissera til kennara eftir stöðu og kyni 1999-2009.

Fleiri karlar en konur fóru í rannsóknamisseri einu sinni á tímabilinu en konur eru fleiri í hópi þeirra sem fengu rannsóknamisseri tvisvar. Jafn margir karlar í stöðu lektors og prófessors fóru í eitt rannsóknamisseri (sjá mynd 16).



Mynd 17. Hlutfallslegur meðalfjöldi mánaða úr ári vegna rannsóknamissera eftir fjölda rannsóknamissera og stöðu 1999-2009.

Skoðaður var hlutfallslegur meðalfjöldi mánaða úr ári sem kennarar voru frá störfum vegna rannsóknamissera eftir stöðu og fjölda rannsóknamissera og kemur í ljós að meðal kennara sem fóru í rannsóknamisseri einu sinni fer meðallengd rannsóknamissera stighækkandi eftir hækkandi stöðu. Aðjúnt fer að meðaltali í 0,5 rannsóknamisseri lektor í 0,73, dósent í 0,81 og prófessor í 0,92 rannsóknamisseri. Meðal þeirra sem þiggja tvö rannsóknamisseri er misserislengd jafnari en þó hæst meðal prófessora. Eingöngu prófessorar fara í fleiri en tvö rannsóknamisseri en eins og rauða punktalínan á mynd 17 sýnir lækkar meðallengd rannsóknamissera prófessora eftir því sem þeim fjölga.




Mynd 18. Hlutfallslegur meðalfjöldi mánaða úr ári vegna rannsóknamissera eftir fjölda rannsóknamissera og kyni 1999-2009.

Karlkennarar sem fóru í rannsóknamisseri einu sinni fóru að meðaltali í lengra rannsóknamisseri en konur en þessu er öfugt farið með þá kennara sem fóru í rannsóknamisseri tvisvar (sjá mynd 18). Rannsóknamisseri eru að meðaltali styttri eftir því sem þau eru fleiri bæði hjá körlum og konum.

3.2.3. Fjöldi rannsóknamissera, nýting og hæfi til umsóknar um rannsóknamisseri

Metið var hæfi allra kennara til umsókna samkvæmt nógildandi reglum um rannsóknamisseri. Þar sem miðað er við meðaltal rannsóknastiga undan- genginna þriggja ára er hæfi reiknað frá og með árinu 2003 til 2009 og borið saman við fjölda veittra rannsóknamissera á því tímabili. Þeir kennarar sem fóru í rannsóknamisseri á tímabilinu 2003-2009 voru samtals 63 og fóru í 69 rannsóknamisseri á þessu tímabili. Kennarar sem sóttu um en hættu við eða frestuðu töku rannsóknamisseris voru sex. Samanlagður fjöldi kennara sem hefði getað sótt um á gefnum tímapunkti eða sótti um og frestaði eða hætti


við var 70. Þeir kennarar sem hófu rannsóknamisseri árið 2002 en luku því árið 2003 voru taldir með sem rannsóknamissershafar 2003¹⁰. Árið 2005 eru þó fleiri í hópi annarra hæfra umsækjenda en þeirra sem þiggja rannsóknamisseri (sjá mynd 19).



Mynd 19. Heildarfjöldi kennara sem þáði rannsóknamisseri, hafði hæfi til umsóknar en sótti ekki um, hætti við eða frestaði umsókn á árunum 2003-2009.


¹⁰ Í stað fjögurra kennara í rannsóknamisseri er um að ræða 10 sem voru í rannsóknamisseri á þessum tíma en 6 þeirra hófust á árinu 2002.

Lektorar eru hlutfallslega stærsti hópurinn sem bæði hefur hæfi til umsókna og þiggur rannsóknamisseri ár frá ári enda fjölmennasti hópur kennara við HA á athugunartímabilinu öllu. Aðjúnktar ná sjaldan hæfi til umsókna. Svo virðist sem þeir dósentar og prófessorar sem hafa til þess hæfi sækja um rannsóknamisseri.



Mynd 20. Fjöldi kennara eftir stöðu sem þáði rannsóknamisseri 2003-2009 í samanburði við hæfa umsækjendur sem ekki sóttu um rannsóknamisseri sama ár.

Þær konur sem þiggja rannsóknamisseri á árunum 2003 og 2005 eru hlutfallslega færri en aðrar þær konur sem hafa hæfi til umsókna þau ár. Árin 2008 og 2004 voru konur hlutfallslega fleiri en karlar sem tóku rannsóknamisseri en þær sem ekki sóttu um en höfðu til þess hæfi. Árin 2006 og 2007 er hlutfallið á milli kynjanna nokkuð jafnt í hópi rannsóknamisseriþega og annarra hæfra umsækjenda (sjá mynd 21).



Mynd 21. Fjöldi kennara eftir kyni sem þáði rannsóknamisseri 2003-2009 í samanburði við aðra hæfa umsækjendur sem ekki sóttu um rannsóknamisseri sama ár.

3.3. Rannsóknavirkni kennara við HA 2000- 2009


Rannsóknavirkni kennara við Háskólann á Akureyri var metin í fjölda rannsóknastiga. Í töflu 1 má sjá lýsandi tölfræði rannsóknastiga árin 2000-2009, fjölda kennara, hæsta og lægsta gildi, meðaltal, staðalfrávik og samanlögð heildarstig fyrir hvert ár.

Tafla 1 Lýsandi tölfræði rannsóknastiga kennara við HA á árunum 2000 - 2009.

	Fjöldi kennara með rannsóknaskyldu	Fjöldi kennara með stigamat	%	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Staðalfrávik	Heildar stigafjöldi
2000	56	34	61%	,00	78,00	14,73	18,14	500,80
2001	63	43	68%	,00	58,00	16,12	15,87	693,19
2002	66	54	82%	,00	103,00	12,94	16,57	699,01
2003	88	71	81%	,00	122,48	16,65	22,13	1182,29
2004	102	85	83%	,00	85,00	19,33	19,31	1643,13
2005	111	87	78%	,00	72,00	16,75	15,78	1457,49
2006	115	86	75%	,00	135,00	18,12	19,88	1558,46
2007	122	97	80%	,00	109,00	21,09	21,06	2045,76
2008	128	93	73%	,00	66,75	18,74	16,53	1742,54


3.3.1. Rannsóknastig eftir árum, stöðu, kyni og hvort kennari fór í rannsóknamisseri á tímabilinu eða ekki

Mynd 22 sýnir hvernig rannsóknastig kennara við HA dreifast eftir árum. Svarta þverlínun í hverjum kassa sýnir miðgildi fyrir það ár, kassinn sýnir á hvaða bili helmingur dreifingar er (50% stiga) en línurnar utan við kassana sýna dreifingu efsta fjórðungs rannsóknastiga og dreifingu neðsta fjórðungs rannsóknastiga. Þau gildi sem skera sig frá dreifingu og eru því óvanalega há eru merkt með hring og staða viðkomandi gefin til kynna.




Mynd 22. Dreifing rannsóknastiga kennara við HA eftir árum, 2000-2008.

Dreifing rannsóknastiga kennara er breytileg á milli ára. Stigin eru nokkuð hærri frá árinu 2006 en dreifing stiga er einnig mun meiri og bilið á milli hæstu og lægstu stiga lengra.




Mynd 23. Dreifing rannsóknastiga eftir stöðu á tímabilinu 2000–2009.

Reiknað var meðaltal rannsóknastiga kennara á tímabilinu 2000-2008 og var dreifing rannsóknastiga eftir stöðu á tímabilinu nokkuð í samræmi við það sem búast má við eftir framgangi í starfi. Aðjúnktar hafa fæst stig og stig þeirra eru á nokkuð þröngu bili. Dósentar skila inn fleiri rannsóknastigum en lektorar en breytileiki innan stöðu er með áþekktum hætti. Prófessorar hafa flest rannsóknastig sem dreifast á mun stærra bili en stig annarra kennara (sjá mynd 23).




Mynd 24. Dreifing rannsóknastiga (meðaltal rannsóknastiga á tímabilinu) kennara við HA eftir kyni á tímabilinu 2000-2009.

Ef skoðuð er dreifing meðaltals rannsóknastiga eftir kyni á tímabilinu frá 2000-2009 má sjá að konur skila inn færri rannsóknastigum en karlar. Fleiri konur eru þó í efsta fjórðungi stigadreifingar en þeim neðsta (sjá mynd 24).



Mynd 25. Dreifing rannsóknastiga (meðaltal) kennara eftir því hvort þeir fóru í rannsóknamisseri á tímabilinu frá árinu 2000-2009 eða fóru ekki í rannsóknamisseri.


Mynd 25 sýnir hvernig rannsóknastig dreifast ólíkt á tímabilinu frá 2000-2009 eftir því hvort kennari fór í rannsóknamisseri á tímabilinu eða ekki. Þeir kennarar sem fóru í rannsóknamisseri eru með fleiri rannsóknastig en þeir sem ekki fóru í rannsóknamisseri á tímabilinu, breytileiki rannsóknastiga í hópi þeirra sem fóru í rannsóknamisseri er einnig meiri en í hópi þeirra sem ekki fóru í rannsóknamisseri.



Mynd 26. Meðalfjöldi rannsóknastiga og hlutfallsleg skil stigamatsskýrslu kennara við Háskólann á Akureyri frá árinu 2000-2009.


Þegar á heildina er litið hefur meðalfjöldi rannsóknastiga aukist á tímabilinu þó að fjöldi stiga sveiflist nokkuð á milli ára (sjá mynd 26). Skil á stigamatsskýrslum eru best árið 2004, þá skila 83% kennara með rannsóknaskyldu inn stigamatsskýrslu. Árið 2000 eru skil slökust en yfir tímabilið 2000-2009 skila á bilinu 61-83% þeirra sem hafa rannsóknaskyldu inn stigamatsskýrslu.

Meðalfjöldi rannsóknastiga á milli ára gefur bæði mynd af því hvernig rannsóknavirkni breytist en endurspeglar að einhverju leyti einnig hvernig hlutfallsleg skil eru á stigamatsskýrslum ár frá ári.




Mynd 27. Meðalfjöldi rannsóknastíga kennara við HA eftir kyni á tímabilinu 2000-2009.

Frá árinu 2003 er meðalfjöldi rannsóknastíga karla hærrí en hjá konum. Ef skoðuð eru áhrif kyns eins og sér á meðalfjölda rannsóknastíga á athugunartímabili kemur fram tölfræðilega marktækur munur $F(1,132) = 5,01$, $p = 0,026$. Kyn eitt og sér án tillits til stöðu skýrir þó eingöngu 3% af heildar breytileika rannsóknastíga ($R^2 = 0,03$) (sjá mynd 27).



Mynd 28. Meðaltal rannsóknastiga kennara við HA eftir stöðu á tímabilinu frá 2000-2009.

Sjá má að á tímabilinu 2000-2009 eru prófessorar að jafnaði með fleiri meðal rannsóknastig en aðrir kennarar. Munur á meðalfjölda rannsóknastiga eftir stöðu er eins og búast mætti við eftir hækkingu stöðu kennara við HA (sjá mynd 28). Ef skoðuð eru áhrif stöðu á meðalfjölda rannsóknastiga á öllu tímabilinu kemur fram tölfræðilega marktækur munur á rannsóknastigum eftir stöðu $F(3,132)=18,74$ $p=0,000$. Staða kennara ein og sér skýrir 29% af heildarbreytileika rannsóknastiga ($R^2 = 0,289$).




Mynd 29. Meðaltal allra rannsóknastiga á tímabilinu frá 2000-2009 eftir stöðu og kyni.

Þegar áhrif kyns á rannsóknastig eru skoðuð að teknu tilliti til stöðu kemur ekki fram tölfræðilega marktækur munur á fjölda rannsóknastiga. Þetta bendir til þess að sá munur sem kemur fram á rannsóknastigum karla og kvenna skýrist fyrst og fremst af því hversu ólíkum stöðum kynin gegna við skólann fremur en kyni einu og sér.

Tölfræðilega marktækur munur er á meðalfjölda rannsóknastiga eftir **stöðu** að teknu tilliti til kyns ($F(3,132)=13,0$ $p=0,000$). Staða kennara að teknu tilliti til kyns skýrir 24% af heildarbreytileika rannsóknastiga. Munur er á meðalfjölda rannsóknastiga aðjúnkta og allra annarra kennara (meðaltalsmunur á bilinu 9,4 til 26,3 rannsóknastig). Munur er á meðalfjölda rannsóknastiga lektora og dósentanna annars vegar og lektora og prófessora hins vegar (meðaltalsmunur 8,4 og 16,9 rannsóknastig). Ekki er tölfræðilega marktækur munur á rannsóknastigum dósentanna og prófessora (sjá mynd 29).

3.3.2. Rannsóknavirkni kennara sem fóru í rannsóknamisseri (2000-2006) og þeirra sem fóru ekki í rannsóknamisseri.

Borið var saman meðaltal rannsóknastiga tveggja hópa til þess að meta rannsóknavirkni kennara eftir töku rannsóknamissers fyrir hvert rannsóknamissersár frá 2000 til og með árinu 2006. Kennurum var skipt í hópa eftir því hvort þeir fóru í rannsóknamisseri það árið eða ekki. Mynd 30 sýnir samanburð á meðaltali rannsóknastiga þessara hópa.



Mynd 30. Meðaltal rannsóknastiga á rannsóknamissersárinu 2000 til og með 2006 í samanburði við meðaltal rannsóknastiga þeirra sem fóru í rannsóknamisseri sama ár og einu og tveimur árum eftir rannsóknamisseri.

Meðalfjöldi rannsóknastiga eykst árið eftir og tveimur árum eftir að farið er í rannsóknamisseri. Fyrsta árið á eftir töku rannsóknamissers fjölga rannsóknastigum um 2,4 en tveimur árum eftir hefur rannsóknastigum fjölgað um 6,9 að meðaltali.


Tveimur árum eftir að farið er í rannsóknamisseri er meðal stigafjöldi rannsóknastiga jafn á milli þeirra sem - fóru í rannsóknamisseri á gefnum tíma

og þeirra sem ekki fóru í rannsóknamisseri á sama tíma. Rannsóknavirkni kennara sem ekki fóru í rannsóknamisseri á þessum sama tíma helst á meðan nokkuð stöðug á milli ára sem bendir til þess að rannsóknamisseri hafi áhrif á fjölda rannsóknastiga hjá þeim sem fóru í rannsóknamisseri. Leiða má að því líkur að þetta sé til marks um aukna rannsóknavirkni í kjölfar rannsóknamissers þegar á heildina er litið en ýmist getur tekið eitt eða tvö ár að fá rannsóknir metnar til stiga til að mynda ef um er að ræða birtingar í fræðiritum.


3.3.3. Áhrif rannsóknamissers á rannsóknavirkni kennara

Til þess að meta sérstaklega áhrif af töku rannsóknamissers kennara á rannsóknavirkni voru gerðir samanburðir á rannsóknastigum á milli ára hjá þeim sem fóru í rannsóknamisseri. Þá var rannsóknamissersár, árið á eftir og annað ár eftir að rannsóknamisseri hófst, skoðað óháð því hvenær á tímabilinu var farið í rannsóknamisseri. Notaður var endurtekinn samanburður (*Repeated Measures GLM, repeated contrasts*) til að meta breytingu á rannsóknastigum frá ári rannsóknamissers og næstu tvö ár á eftir. Mælingar á rannsóknastigum fyrir öll árin voru alls 26 og sýna að rannsóknavirkni eykst frá árinu sem rannsóknamisseri er tekið til ársins eftir. Munurinn rannsóknavirkni á rannsóknamissersári og á árinu á eftir er tölfræðilega marktækur $F(1,25) = 4,54$ $p=0,043$ með meðaltalsmun sem nemur um 8 rannsóknastigum. Ekki er tölfræðilega marktækur munur á rannsóknavirkni á rannsóknamissersári og á öðru ári eftir rannsóknamisseri (sjá mynd 31)¹¹.

¹¹ Einungis var hægt að bera saman á milli ára rannsóknastig 26 kennara af þeim 69 sem fóru í rannsóknamisseri á tímabilinu af tveimur ástæðum. Annars vegar náðu upplýsingar úttektar ekki yfir rannsóknastig þeirra sem þáðu rannsóknamisseri 2007 og 2008 einu og tveimur árum eftir rannsóknamisseri og féll sá samanburður því niður. Hins vegar voru einhverjir kennarar hættir störfum eða þá að þeir skiluðu ekki stigamati samfellt í tvö ár eftir að rannsóknamisseri hófst.



Mynd 31. Samanburður á rannsóknvirkni rannsóknamissersishafa.




Mynd 32. Samanburður á rannsóknavirkni kennara við HA í rannsóknamisseri og á fyrsta og öðru ári eftir rannsóknamisseri eftir stöðu.

Þegar skoðuð eru áhrif af töku rannsóknamissersis á fjölda rannsóknastíga kemur í ljós að áhrif á rannsóknavirkni eru ólík eftir því hvaða **stöðu** kennari gegnir og það er tölfræðilega marktækt $F(2,23) = 3,68$, $p = 0,041$.

Rannsóknavirkni breytist með öðrum orðum ekki með sama hætti eftir því hvaða stöðu rannsóknamissersishafi gegnir. Sjá má á mynd 38 að bæði dósentar og lektorar auka rannsóknavirkni árið eftir að rannsóknamisseri hefist. Nokkuð dregur úr meðalfjölda rannsóknastíga dósentanna annað ár eftir rannsóknamisseri en helst nokkuð stöðugt hjá lektorum. Rannsóknavirkni prófessora er mest og helst í raun nokkuð stöðug frá ári rannsóknamissersis til annars árs eftir að rannsóknamisseri hófst. Meðalfjöldi rannsóknastíga prófessora er þó ögn lægri fyrsta og annað ár eftir rannsóknamisseri en á rannsóknamissersisári (sjá mynd 32).

Rannsóknavirkni karla er að meðaltali meiri í samanburði við konur en ekki er tölfræðilega marktækur munur á því hvernig rannsóknavirkni karla og kvenna breytist á árunum eftir rannsóknamisseri (sjá mynd 33).



Mynd 33. Samanburður á rannsóknavirkni kennara við HA í rannsóknamisseri og á fyrsta og öðru ári eftir rannsóknamisseri eftir kyni.

3.4. Fjárveiting og kostnaður vegna rannsóknamissera við HA

Kostnaðargreining sem gerð var hér byggist á samanburði á eftirfarandi talnagögnum: *Raunkostnaður* vísar til útlagðs kostnaðar vegna rannsóknamissera (árið 2000-2009), *áætluð fjárframlög* (*áætlaður árlegur kostnaður*) eru birt eins og þau eru ákvörðuð ár hvert á fundi háskólaráðs HA (árin 2000 og 2002-2009) en áætlaður kostnaður vísar til þeirrar áætlunar um laun, dag- og ferðapeninga sem gerð er vegna umsókna um rannsóknamisseri (árið 2002-2009).

Fjárframlög vegna rannsóknamissera kennara hafa aukist ár frá ári á tímabilinu 2000-2009. Fjárveiting fer úr 29,6 milljónum króna árið 2000 í 80 milljónir króna árið 2008 sem er aukning um 50,4 milljónir á tímabilinu (sjá töflu 2-3 og mynd 34). Heildarfjöldi rannsóknamissera fer á sama tíma úr 14 í 24. Heildarfjöldi dvalarmánaða erlendis við töku rannsóknamissera er ólíkur á milli tímabila en mestur árið 2006-2007, þá voru fyrirhugaðir dvalarmánuðir erlendis alls 102. Dvalarmánuðir á hvert misseri voru að jafnaði 3,75 mánuðir yfir allt tímabilið.

3.4.1. Raunkostnaður og áætluð fjárveiting HA vegna rannsóknamissera

Á árunum 2005-2007 fór raunkostnaður við rannsóknamisseri fram úr fjárveitingu HA til rannsóknamissera sem hér segir: Árið 2005 var umframkostnaður vegna rannsóknamissera 2,8 milljónir, árið 2006 10,6 milljónir en árið 2007 9,5 milljónir. (Um ræðir útlagðan launa- og ferðakostnað og dagpeninga þeirra sem fóru í rannsóknamisseri). Á móti kemur að árin 2000, 2002-2004 og árið 2008 var raunkostnaður vegna rannsóknamissera innan fjárveitingar. Í heildina fór raunkostnaður fram úr samanlagðri fjárveitingu á tímabilinu sem nemur 7,5 milljónum.

Raunkostnaður HA vegna þeirra einstaklinga sem fóru í rannsóknamisseri þetta tímabil (utan ársins 2001) var um 392 milljónir króna eða að jafnaði um 49 milljónir ár hvert, um 2,9 milljónir að jafnaði fyrir hvert úthlutað

rannsóknamisseri (0,5 ár) og um 5,1 milljón að jafnaði á hvern rannsóknamissershafa (sjá töflu 3)¹².

Tafla 2. Yfirlit vegna fjárframlaga HA til rannsóknamissera og áætlaðs kostnaðar vegna umsókna um rannsóknamisseri.

FJÁRFRAMLÖG HA OG RAUNKOSTNAÐUR VEGNA RANNSÓKNAMISSERA				ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA UMSÓKNA UM RANNSÓKNAMISSERI				
Ár	Fjárframlög	Raunkostnaður	Mismunur	Rannsóknamisseri	Mánuðir erlendis	Laun	Dapeningar og ferðakostnaður	Samtala
2000	29.600.000 kr.	29.167.712 kr.	432.288 kr.	14	**	**	**	**
2001	**	**	**	5	**	**	**	**
2002	32.000.000 kr.	28.153.632 kr.	3.846.368 kr.	15	73	29.540.537 kr.	13.841.572 kr.	43.382.109 kr.
2003	30.000.000 kr.	25.794.813 kr.	4.205.187 kr.	8	35	11.575.764 kr.	7.865.642 kr.	19.441.406 kr.
2004	36.606.466 kr.	34.764.761 kr.	1.841.705 kr.	16	66	25.469.807 kr.	10.297.244 kr.	35.767.051 kr.
2005	44.814.072 kr.	47.637.032 kr.	-2.822.960 kr.	13	67	24.046.832 kr.	12.656.795 kr.	36.703.627 kr.
2006	51.530.004 kr.	62.161.905 kr.	-10.631.901 kr.	22	102	54.030.287 kr.	18.582.771 kr.	72.613.058 kr.
2007	80.000.000 kr.	89.475.750 kr.	-9.475.750 kr.	24	90	48.995.651 kr.	19.088.655 kr.	68.084.306 kr.
2008	80.000.000 kr.	74.872.373 kr.	5.127.627 kr.	24	96	65.309.629 kr.	19.766.707 kr.	85.076.336 kr.
Samtals	384.550.542 kr.	392.027.978 kr.	-7.477.436 kr.	141	529	258.968.508 kr.	102.099.386 kr.	361.067.893 kr.

** Upplýsingar ekki aðgengilegar.

Tafla 3. Fjöldi rannsóknamissershafa, raunkostnaður og kostnaður að jafnaði á hvert rannsóknamisseri og hvern rannsóknamissershafa.

	Rannsóknamissershafar	Fjöldi rannsóknamissera	Raunkostnaður	Raunkostnaður á rannsóknamisseri (0,5 ár)	Raunkostnaður á hvern rannsóknamissershafa
2000	8	14	29.167.712 kr.	2.083.408 kr.	3.645.964 kr.
2001	3	5	25.995.472 kr.	5.199.094 kr.	8.665.157 kr.
2002	8	15	28.153.632 kr.	1.876.909 kr.	3.519.204 kr.
2003	4	8	25.794.813 kr.	3.224.352 kr.	6.448.703 kr.
2004	9	16	34.764.761 kr.	2.172.798 kr.	3.862.751 kr.
2005	7	13	47.637.032 kr.	3.664.387 kr.	6.805.290 kr.
2006	13	22	62.161.905 kr.	2.825.541 kr.	4.781.685 kr.
2007	17	24	89.475.750 kr.	3.728.156 kr.	5.263.279 kr.
2008	13	24	74.872.373 kr.	3.119.682 kr.	5.759.413 kr.
Meðaltal	9	16	46.447.050 kr.	2.902.941 kr.	5.097.847 kr.

¹² Á árunum frá 2000-2009 nýtti rektor heimild utan reglubundins umsóknaferlis til að veita alls 3 starfsmönnum við HA rannsóknamisseri í tengslum við starfslokasamning (Guðrún Kristinsdóttir, 2010).

3.4.2. Áætlaður kostnaður vegna rannsóknamissera og raunkostnaður


Launa-, dagpeninga- og ferðakostnaður er áætlaður í samræmi við gefnar launaforsendur hvers tímabils, lengd áætlaðs rannsóknamissers og lengd fyrirhugaðrar dvalar erlendis við upphaf hvers umsóknatímabils rannsóknamissera. Áætlaður launakostnaður er þess vegna breytilegur á milli ára eftir því hvaða aðilar þiggja rannsóknamisseri og hversu mörgum er úthlutað rannsóknamisseri hvert umsóknatímabil.

Árið 2002-2003 var áætlaður launakostnaður vegna rannsóknamissera sem úthlutað var 29,5 milljónir króna en árið 2007-2008 var áætlaður kostnaður 65,3 milljónir (tæplega 36 milljóna króna kostnaðaraukning). Á sama tíma fór áætlaður dagpeninga- og ferðakostnaður úr 13,8 milljónum í 19,7 milljónir (5,9 milljóna króna hækkun). Samanlagður kostnaður fór úr 43,4 milljónum í 85 milljónir króna. Launakostnaður vex hlutfallslega (122% hækkun) umfram áætlaðan dagpeninga- og ferðakostnað (43% hækkun) vegna rannsóknamissera á umsóknartímabilinu frá 2002-2003 til 2008-2009. Áætlaður launa-, dagpeninga- og ferðakostnaður fyrir hvert úthlutað misseri er að jafnaði yfir tímabilið 3 milljónir króna en raunkostnaður á sama tíma að meðaltali 2,9 milljónir króna á hvert misseri. Áætlaður kostnaður á hvern rannsóknamisserishafa er að meðaltali 5,2 milljónir. Raunkostnaður á sama tímabili (2002-2009) er einnig 5,2 milljónir (5,1 milljón ef 2000-2001 er tekið með). Áætlaður kostnaður er að jafnaði í samræmi við raunkostnað vegna rannsóknamissera.

Tafla 4. Fjöldi rannsóknamissershafa, áætlaður kostnaður (laun, dagpeningar og ferðakostnaður), kostnaður að jafnaði á hvert rannsóknamisseri og á hvern rannsóknamissershafa.

	Rannókna- missershafar	Fjöldi rannókna- missera	Áætlaður kostnaður	Áætlaður kostnaður á hvert misseri (0,5)	Áætlaður kostnaður á hvern missershafa
2002-2003	8	15	43.382.109 kr.	2.892.141 kr.	5.422.764 kr.
2003-2004	4	8	19.441.406 kr.	2.430.176 kr.	4.860.352 kr.
2004-2005	9	16	35.767.051 kr.	2.235.441 kr.	3.974.117 kr.
2005-2006	7	13	36.703.627 kr.	2.823.356 kr.	5.243.375 kr.
2006-2007	13	22	72.613.058 kr.	3.300.594 kr.	5.585.620 kr.
2007-2008	17	24	68.084.306 kr.	2.836.846 kr.	4.004.959 kr.
2008-2009	13	24	85.076.336 kr.	3.544.847 kr.	6.544.334 kr.
Meðaltal	10	17	51.581.128 kr.	3.034.184 kr.	5.158.113 kr.

Til samanburðar á raunkostnaði og áætluðum kostnaði vegna launa-, dagpeninga og ferðakostnaðar má líta á árin 2002 til og með ársins 2008. Á þessu tímabili er raunkostnaður samanlagt um 362.860 milljónir króna. Áætlaður launa-, dagpeninga og ferðakostnaður á sama tímabili vegna úthlutaðra rannsóknamissera er samtals 361.067 milljónir en mismunurinn er 1,8 milljónir króna.




Mynd 34. Árleg fjárframlög til rannsóknamissera, raunkostnaður og áætlaður launadagpeninga og ferðakostnaður frá árinu 2000-2008.

Raunkostnaður á hvern rannsóknamissershafa á milli ára er breytilegur og liggur á bilinu 3,6–8,6 milljónir króna. Meðalfjöldi rannsóknamissershafa hvert ár eru 9 kennarar. Heildarkostnaður vegna rannsóknamissera ár hvert reiknast samkvæmt þessu 46,4 milljónir. Ef raunkostnaði í heild er jafnað á fjölda rannsóknamissershafa tímabilið 2000-2009 má sjá að kostnaður vegna rannsóknamissers á hvern missershafa er að meðaltali 5,1 milljón krónur (sjá töflu 3).

Þegar árlegum raunkostnaði við rannsóknamisseri er deilt niður á fjölda veittra rannsóknamissera á milli ára kemur í ljós að mismiklu fjármagni er varið á hvert misseri að jafnaði (sjá mynd 35). Árið 2001 er kostnaður á hvert rannsóknamisseri í hámarki eða 5,2 milljónir. Kostnaður er minnstur samkvæmt þessu árið 2002 á hvert misseri eða um 2,1 milljón að meðaltali.

Á árunum 2000- 2008 fjölgaði kennurum við Háskólann á Akureyri úr 56 í 130. Ef árlegur heildarkostnaður tekur mið af þessari fjölgun kennara við HA kemur

Í ljós að það dregur úr meðalkostnaði rannsóknamissera á hvern kennara á árunum 2000- 2003 (úr 554 þúsund krónum á hvern kennara í 345 þúsund krónur) en eftir það vex kostnaður þó honum sé jafnað á heildarfjölda kennara hvert ár.



Mynd 35. Kostnaður vegna rannsóknamissera kennara (svört lína), meðalkostnaður fyrir hvert rannsóknamisseri (0,5 ár) á tímabilinu (appelsínugul lína) og kostnaður að meðaltali miðað við heildarfjölda starfandi kennara við HA frá 2000-2008 (bláir stöplar-í þúsundum króna talið).

3.5. Afleysingar rannsóknamissersihafa

Þegar skoðuð er kennslusaga kennara við Háskólann á Akureyri kemur í ljós að afleysingar hafa einkum verið með eftirfarandi hætti:


- Námskeið sem tilheyrði kennara var ekki kennt á meðan á rannsóknamisseri stóð.
- Kennslu við námskeið var skipt á milli annarra samkennara úr námskeiðinu.
- Námskeið var kennt af öðrum starfandi kennara/kennurum við HA.
- Fengin var afleysing til að kenna námskeið að hluta eða í heild.

Deildarskrifstofur við HA hafa ekki haldið sérstaklega utan um upplýsingar um afleysingar eða staðgengla í gegnum árin en samkvæmt skrifstofustjóra viðskipta- og raunvísindasviðs er vert að skoða það mál frekar í samráði við launaskrifstofu og forseta fræðasviða hvernig haldið er utan um upplýsingar um rannsóknamisseri héðan í frá og hvaða aðilar eru fengnir til að sinna kennslunni. Ennfremur var sammælt um það, að svo stöddu, að upplýsingar eins og þær birtast í kennslusögu HA kæmust næst því að gefa góða mynd af hvernig afleysingum hefur verið háttað fram til þessa (Ása Guðmundardóttir, 2009). Skoðuð var staða afleysingakennara og fjöldi kenndra stunda í stundaskrá.

Upplýsingar fengust úr kennslusögu tímabilið 1999-2009 um hvaða einstaklingar tóku að sér kennslu á meðan á rannsóknamisseri stóð. Greina má þessar upplýsingar eftir fjölda afleystra stunda eða fjölda afleysingakennara á meðan á rannsóknamisseri stóð.

Sjaldnast er um það að ræða að einn kennari taki alfarið við afleysingum námskeiða á meðan kennari er í rannsóknamisseri. Í heildina eru flestar **afleystar stundir** vegna rannsóknamissera á árunum 1999-2009 í höndum aðjúnkta og lektora (sjá mynd 43). Aðjúnktar kenndu á tímabilinu 32% allra afleystra stunda, lektorar 31%, dósentar 7%, prófessorar 6% og stundakennarar kenndu 24% afleystra stunda.

Þegar skoðaður er **fjöldi afleysinga** sést að stundakennarar leystu af við fleiri námskeið en bæði aðjúnktar og lektorar eða 35% allra námskeiða þar sem þörf var á afleysingu vegna rannsóknamissera. Aðjúnktar leystu af við 25% allra námskeiða, lektorar 30%, dósentar 6% og prófessorar 4%. Stundakennarar voru sem sagt oftast fengnir til að kenna námskeið vegna rannsóknamissera en aðjúnktar og lektorar kenndu samt sem áður flestar stundir í stað kennara sem fóru í rannsóknamisseri.




Mynd 36. Fjöldi og hlutfall afleystra kenndra stunda og fjöldi afleysinga á tímabilinu frá 1999-2009.

Á myndum 43 og 44 má sjá annars vegar fjölda afleysinga og hins vegar meðaltal afleystra stunda eftir stöðu kennara í rannsóknamisseri. Súlurnar sýna stöðu þess kennara sem sinnir afleysingu.

Í flestum tilvikum er um að ræða að lektor leysi lektor af (16 námskeið) en næst á eftir eru það stundakennarar sem leysa af lektora. Dósentar leysa lektora af fimm sinnum og prófessor í tveimur tilvikum. Prófessor leysir af dósent í þremur tilvikum. Hjá öðrum dósentum og prófessorum er oftast um að ræða að stundakennarar og lektorar leysi þá af. Það má því orða það svo


að það sé nokkuð óháð stöðu rannsóknamissershafa hvort sá aðili sem leysir hann af hefur hlotið meiri eða minni framgang í starfi en missershafi.



Mynd 37. Fjöldi afleysinga (námskeiða) eftir stöðu kennara í rannsóknamisseri og stöðu þeirra sem leysa af.

Nokkuð er óreglulegt í hvaða stöðu þeir aðilar eru sem leysa af kennara í mismunandi stöðum. Eins og fram hefur komið leysa aðjúntar af flestar stundir en flestar eru að meðaltali vegna rannsóknamissera prófessora (134 stundir). Stundakennarar kenna í nokkuð jöfnum mæli vegna rannsóknamissera lektora og dósentar en flestar stundir eru vegna afleysinga prófessora (52 stundir).

Það þarf kannski ekki að koma á óvart að flestar afleystar stundir prófessora eru vegna rannsóknamissera annarra prófessora eða 54 stundir. Það er þó ekki regla þar sem prófessorar kenna einnig í stað lektora 34 stundir að meðaltali og vegna dósentar tæpar 16 stundir að meðaltali.



Mynd 38. Meðaltal afleystra stunda eftir stöðu kennara í rannsóknamisseri og stöðu þeirra sem leysa af.

Í 14 tilvikum var um það að ræða að námskeið kennara féllu alveg niður á meðan á rannsóknamisseri stóð. Afleyst námskeið voru á bilinu 1-6 fyrir hvern þann kennara sem þáði rannsóknamisseri. Hlutfall afleystra námskeiða af þeim námskeiðum sem rannsóknamissershafi kenndi á fyrri misserum spannaði allt frá 6% til 100%. Meðalhlutfall afleystra námskeiða á tímabilinu frá 1999-2009 var 40%. Því má segja að jafnaðarlega sé 40% kennsluskyldu kennara uppfyllt með afleysingum á meðan á rannsóknamisseri stendur.

Afleysingar námskeiða vegna rannsóknamissera eru að því er virðist nánast óþlæggður akur er varðar skipulag og hagræðingu sem meðal annars gæti leitt til sparnaðar. Svo virðist sem aðgengi að staðgenglum (og þá væntanlega hæfi til afleysinga) ráði miklu um hvernig afleysingum er háttað. Gera má ráð fyrir að gjarnan sé um að ræða viðbót við kennsluskyldu starfandi kennara og þá viðbót við það starfshlutfall sem viðkomandi sinnir þegar eða viðbótarkennslu í formi yfirvinnu. Eins og fram hefur komið hafa stundakennarar einnig verið fengnir til afleysinga vegna rannsóknamissera. Ekki eru forsendur hér til að meta hver beinn kostnaður hefur verið vegna afleysinga vegna rannsóknamissera þar sem ekki liggur fyrir hvort um er að ræða yfirvinnustundir kennara, viðbót við starfshlutfall eða tímabundnar ráðningar.

3.6. Áætlaður meðalkostnaður á hvern rannsóknamissersishafa eftir stöðu

Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar um áætlaðan dagpeninga- og ferðakostnað, meðallaun eftir stöðu og launatengd gjöld má fá nokkra hugmynd um þann kostnað sem að jafnaði liggur að baki úthlutuðu rannsóknamisseri eftir stöðu misserisþega. Í töflu 5 hér að neðan er útgjaldaliðum sem liggja að baki rannsóknamissurum jafnað á hvern rannsóknamissersishafa og reiknaður meðal launakostnaður samkvæmt upplýsingum frá fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsviði HA frá árinu 2009. Þetta gefur bæði hugmynd um á hvaða verðbili hvert úthlutað rannsóknamisseri liggur miðað við gefnar forsendur og sýnir einnig kostnaðarröð eftir stöðu.

Tafla 5. Áætlaður meðalkostnaður á hvern rannsóknamissersishafa eftir stöðu

Staða	Dagpeninga- og ferðakostnaður (meðaltal)	Meðallaun	Launatengd gjöld	Launakostnaður (mánaðarlegur)	Rannsóknamisseri 0,5 ár	Rannsóknamisseri 1 ár
Aðjúnkt	205.431 kr.	322.619 kr.	79.784 kr.	607.834 kr.	3.647.004 kr.	7.294.008 kr.
Lektor	205.431 kr.	370.202 kr.	91.551 kr.	667.184 kr.	4.003.106 kr.	8.006.212 kr.
Dósent	205.431 kr.	387.675 kr.	95.872 kr.	688.978 kr.	4.133.870 kr.	8.267.741 kr.
Prófessor	205.431 kr.	481.603 kr.	119.100 kr.	806.135 kr.	4.836.809 kr.	9.673.617 kr.

Til að varpa einhverju ljósi á kostnað vegna afleysinga eru hér eftirfarandi dæmi um ólíkan kostnað við tímabundna ráðningu til afleysinga annars vegar aðjúnkta til eins eða tveggja missera og hins vegar ráðningu stundakennara. Einnig er gerður kostnaðarsamanburður á samanlögðum kostnaði við rannsóknamisseri og afleysingar eftir stöðu kennara miðað við að staðgengill gegni því sem jafngildir 50% stöðu við HA.

3.6.1. Tímabundin ráðning til afleysingar

Hér að neðan (sjá töflu 6) má sjá kostnaðarútreikning ef farin yrði sú leið að ráða aðjúnkt tímabundið í stöðu rannsóknamissersishafa svo kennsluskyldu viðkomandi sé sinnt. Forsendur eru þær að einstaklingur með bakkalár- eða

meistaragraðu sé ráðinn tímabundið (6-12 mánuði) í 50% stöðu aðjúnkts til að sinna kennsluskyldu þess sem tekur rannsóknamisseri. Miðað er við meðallaunakostnað aðjúnkts með launatengdum gjöldum samkvæmt launadeild HA.

Tafla 6. Launakostnaður aðjúnkts vegna afleysinga rannsóknamissershafa.

Staða	Starfshlutfall	Mánaðarlaun	Fjöldi mánaða	Samtals laun
Aðjúnkt	50%	322.619	6	1.181.310
Aðjúnkt	50%	322.619	12	2.362.620

Þegar launakostnaði vegna tímabundinnar afleysingar er bætt við meðalkostnað á hvern rannsóknamissershafa, 5,1 milljón, verður samanlagður kostnaður vegna úthlutaðra rannsóknamissershafa á hvern rannsóknamissershafa um 6,3 eða 7,5 milljónir króna á ársgrundvelli eftir því hvort leyst er af í 12 eða 6 mánuði. Að jafnaði fengu 9 einstaklingar rannsóknamisseri ár hvert á tímabilinu 2000-2009 sem þýðir að jafnaði um 57 eða 68 milljónir að meðaltali í árlegan kostnað vegna rannsóknamissershafa og afleysinga samanlagt.

3.6.2. Stundakennari fenginn til afleysingar

Annar möguleiki er að fá stundakennara til að leysa kennsluskyldu rannsóknamissershafa. Hér að neðan (sjá töflu 7) má sjá kostnaðarútreikninga varðandi þennan kost. Tímakaup stundakennara er þrískipt og eftir hæstu menntun viðkomandi aðila. Einnig skiptast kennd námskeið í fjóra flokka; A, B, C og D samkvæmt upplýsingum frá skrifstofustjórum deilda.

A. Bókleg námskeið með umfangslitlum verkefnum þar sem kennsla fer að mestu fram í fyrirlestrarformi. Samtals 213 tímar.

B. Námskeið með umfangsmiklum verkefnum og/eða blöndu af fyrirlestrum, dæmatímum, umræðutímum, heimsóknnum o.s.frv. Samtals 235 tímar.

C. Námskeið með umfangsmiklum verkefnum og þar sem skiptur hópur í dæma- eða umræðutímum er verulegur hluti náms. Samtals 312 tímar.

D. Námskeið þar sem verkleg kennsla og/eða tilraunir er verulegur hluti náms (að minnsta kosti 30% af heildartíma námskeiðsins). Samtals 394 tímar.

Útreikningar miða við þriggja eininga námskeið með 25 nemendum. Munur á lægsta og hæsta kostnaðarflokki í öllum tilvikum er 19,76%.

Tafla 7. Launakostnaður stundakennara vegna afleysinga rannsóknamissersishafa

Flokkur	Nám-skeið	Tímar	Tímakaup	Mánaðar-laun	Launatengd gjöld	Kostnaður á hvert námskeið
B-gráða	A	213	1.513 kr.	322.269 kr.	79.697 kr.	401.966 kr.
M-gráða	A	213	1.655 kr.	352.515 kr.	87.177 kr.	439.692 kr.
Ph.D-gráða	A	213	1.812 kr.	385.956 kr.	95.447 kr.	481.403 kr.
B-gráða	B	235	1.513 kr.	355.555 kr.	87.929 kr.	443.484 kr.
M-gráða	B	235	1.655 kr.	388.925 kr.	96.181 kr.	485.106 kr.
Ph.D-gráða	B	235	1.812 kr.	425.820 kr.	105.305 kr.	531.125 kr.
B-gráða	C	312	1.513 kr.	472.056 kr.	116.739 kr.	588.795 kr.
M-gráða	C	312	1.655 kr.	516.360 kr.	127.696 kr.	644.056 kr.
Ph.D-gráða	C	312	1.812 kr.	565.344 kr.	139.810 kr.	705.154 kr.
B-gráða	D	394	1.513 kr.	596.122 kr.	147.421 kr.	743.543 kr.
M-gráða	D	394	1.655 kr.	652.070 kr.	161.257 kr.	813.327 kr.
Ph.D-gráða	D	394	1.812 kr.	713.928 kr.	176.554 kr.	890.482 kr.

Ef miðað er við ódýrasta kostinn í öllum námskeiðsflokkum, stundakennara með B-gráðu, er heildarkostnaður við afleysingar rannsóknamissersishafa og tvö kennd námskeið á ári¹³ frá kr. 803.932 (2 x 401.966 – A-námskeið) til kr. 1.487.086 (2 x 743.543 – D-námskeið). Ef miðað er við dýrasta kostinn í öllum

¹³ Árleg kennsluskýlda fastráðins kennara í fullri stöðu við HA kemst næst því að vera þrjú þriggja eininga námskeið (Hugrún Helgadóttir, 2009).

námskeiðum, stundakennara með PhD-gráðu, er heildarkostnaður við afleysingar rannsóknamissershafa og tvö kennd námskeið á ári frá kr. 962.806 (2 x 481.403 – A-námskeið) til kr. 1.780.964 (2 x 890.482 – D-námskeið).

Hér í töflu 8 og 9 að neðan má sjá útreiknaðan samanlagðan áætlaðan kostnað vegna rannsóknamissera eftir stöðu (sjá töflu 6) og tegund afleysingar. Í töflu sjö má sjá metinn kostnað (miðað við áætlaðan launa-, dagpeninga og ferðakostnað) rannsóknamissershafa með tilliti til þess ef stundakennari yrði fenginn til þess að leysa af eitt eða tvö námskeið á meðan á rannsóknamisseri stendur. Til viðmiðunar eru þau gildi í töflunni gullituðu sem eru umfram áður reiknaðan meðalkostnað á hvern rannsóknamissershafa (5,1 milljónir króna) árin 2000 - 2009.

Tafla 8. Samanlagður meðalkostnaður vegna rannsóknamissera eftir stöðu og afleysingarstundakennara fyrir 1 og 2 námskeið.

Afleysing	Nám-skeið	Kostnaður fyrir hvert námskeið	RANNSÓKNAMISSERI 0,5 ÁR OG 1 AFLEYST NÁMSKEIÐ				RANNSÓKNAMISSERI 1 ÁR OG 2 AFLEYST NÁMSKEIÐ			
			Aðjúnkt	Lektor	Dósent	Prófessor	Aðjúnkt	Lektor	Dósent	Prófessor
B-gráða	A	401.966 kr.	4.048.970 kr.	4.405.072 kr.	4.535.836 kr.	5.238.775 kr.	8.097.941 kr.	8.810.144 kr.	9.071.673 kr.	10.477.550 kr.
M-gráða	A	439.692 kr.	4.086.696 kr.	4.442.798 kr.	4.573.562 kr.	5.276.501 kr.	8.173.392 kr.	8.885.596 kr.	9.147.125 kr.	10.553.001 kr.
Ph.D-gráða	A	481.403 kr.	4.128.407 kr.	4.484.509 kr.	4.615.273 kr.	5.318.212 kr.	8.256.814 kr.	8.969.018 kr.	9.230.546 kr.	10.636.423 kr.
B-gráða	B	443.484 kr.	4.090.488 kr.	4.446.590 kr.	4.577.354 kr.	5.280.292 kr.	8.180.976 kr.	8.893.179 kr.	9.154.708 kr.	10.560.585 kr.
M-gráða	B	485.106 kr.	4.132.110 kr.	4.488.212 kr.	4.618.976 kr.	5.321.915 kr.	8.264.221 kr.	8.976.424 kr.	9.237.953 kr.	10.643.830 kr.
Ph.D-gráða	B	531.125 kr.	4.178.130 kr.	4.534.231 kr.	4.664.996 kr.	5.367.934 kr.	8.356.259 kr.	9.068.462 kr.	9.329.991 kr.	10.735.868 kr.
B-gráða	C	588.795 kr.	4.235.800 kr.	4.591.901 kr.	4.722.666 kr.	5.425.604 kr.	8.471.599 kr.	9.183.803 kr.	9.445.332 kr.	10.851.208 kr.
M-gráða	C	644.056 kr.	4.291.060 kr.	4.647.162 kr.	4.777.926 kr.	5.480.865 kr.	8.582.120 kr.	9.294.323 kr.	9.555.852 kr.	10.961.729 kr.
Ph.D-gráða	C	705.154 kr.	4.352.158 kr.	4.708.259 kr.	4.839.024 kr.	5.541.962 kr.	8.704.316 kr.	9.416.519 kr.	9.678.048 kr.	11.083.925 kr.
B-gráða	D	743.543 kr.	4.390.547 kr.	4.746.649 kr.	4.877.413 kr.	5.580.352 kr.	8.781.094 kr.	9.493.298 kr.	9.754.827 kr.	11.160.703 kr.
M-gráða	D	813.327 kr.	4.460.331 kr.	4.816.433 kr.	4.947.197 kr.	5.650.136 kr.	8.920.662 kr.	9.632.866 kr.	9.894.394 kr.	11.300.271 kr.
Ph.D-gráða	D	890.482 kr.	4.537.487 kr.	4.893.588 kr.	5.024.353 kr.	5.727.291 kr.	9.074.973 kr.	9.787.177 kr.	10.048.705 kr.	11.454.582 kr.

* Í töflunni eru þau gildi gullituð sem eru meðal 15% hæstu gildanna en rauðlituð sem eru meðal 15% lægstu gilda.

Tafla 9. Samanlagður meðalkostnaður vegna rannsóknamissera kennara og afleysinga eftir stöðu.

Afleysing	Starfs-hlutfall	RANNSÓKNAMISSERI 0,5 ÁR				RANNSÓKNAMISSERI 1 ÁR			
		Aðjúnkt	Lektor	Dósent	Prófessor	Aðjúnkt	Lektor	Dósent	Prófessor
Aðjúnkt	50%	4.854.212 kr.	5.210.314 kr.	5.341.078 kr.	6.044.017 kr.	9.708.425 kr.	10.420.628 kr.	10.682.157 kr.	12.088.033 kr.
Lektor	50%	5.032.263 kr.	5.388.365 kr.	5.519.129 kr.	6.222.068 kr.	10.064.526 kr.	10.776.729 kr.	11.038.258 kr.	12.444.135 kr.
Dósent	50%	5.097.645 kr.	5.453.747 kr.	5.584.511 kr.	6.287.450 kr.	10.195.291 kr.	10.907.494 kr.	11.169.023 kr.	12.574.900 kr.
Prófessor	50%	5.449.114 kr.	5.805.216 kr.	5.935.981 kr.	6.638.919 kr.	10.898.229 kr.	11.610.432 kr.	11.871.961 kr.	13.277.838 kr.

4. SAMANTEKT

- ❖ Heildarfjöldi kennara við HA á árunum 1999-2009 var alls 176. Kennurum við HA hefur fjölgað töluvert tímabilið 1999-2009. Mest er fjölgun aðjúnkta enda var ekki um að ræða ráðningar í aðjúnktastöður í upphafi athugunartímabilsins. Hlutfallsleg skipting kennara eftir stöðu breytist þar með á tímabilinu.

Heildarfjöldi kvenna í kennarastöðum var 76 en karla 100.

Aðjúnktar voru í heild 49 talsins (28%), lektorar 75 (43%), dósentar 27 (15%) og prófessorar 25 (14%). Konur í stöðu aðjúnkts voru 26 (34%), lektors 38 (50%), 9 í stöðu dósents (12%) og 3 í stöðu prófessors (4%). Karlar í stöðu aðjúnkts voru 23 talsins (23%) lektors 37 (37%), 18 (18%) í stöðu dósents og 22 (22%) í stöðu prófessors.

Aðjúnktar eru að meðaltali í lægra starfshlutfalli en lektorar, dósentar og prófessorar. Munur á starfshlutfalli karla og kvenna er tölfræðilega marktækur og eru konur í hærra starfshlutfalli að meðaltali en karlar sem skýrist þó líklega af þeim mun sem felst í ólíku starfshlutfalli eftir stöðu enda eru konur hlutfallslega fleiri í stöðu aðjúnkta en karlar eru mun fleiri í stöðu dósenta og prófessora.

- ❖ Alls fóru 69 kennarar í rannsóknamisseri á athugunartímabilinu eða um 39% af heildarfjölda kennara við HA á sama tíma. Í heildina var 88 rannsóknamissurum úthlutað til þessara 69 kennara. 26 sinnum var úthlutað hálfis árs rannsóknamisseri en 62 sinnum var úthlutað eins árs rannsóknamisseri. Því var alls um að ræða 150 hálfis árs rannsóknamisseri á tímabilinu 1999-2009. Rannsóknamissurum var úthlutað til 19 (22%) prófessora, 21 (24%) dósenta, 47 (53%) lektora og eins aðjúnkts (1%).

Ekki er munur á fjölda karla og kvenna sem úthlutað er rannsóknamisseri. Karlar fóru 45 sinnum í rannsóknamisseri en konur 43 sinnum. Konur fara hlutfallslega oftar (33%) í heils árs misseri en karlar (26%). Rannsóknamisseri karla og kvenna eru mislöng eftir

stöðu. Konur í stöðu prófessors fara til að mynda að meðaltali í lengra rannsóknamissari en karlar í sömu stöðu. Þessu er öfugt farið með karla og konur í stöðu dósentis þar sem konur í stöðu dósentis fara í styttra leyfi en karlar. Karlar og konur í stöðu lektors fara í jafn löng rannsóknamissari. Ekki er um tölfræðilega marktækan mun að ræða.

- ❖ Athugun sýnir að rannsóknavirkni eykst í kjölfar rannsóknamissaris og ávinningur með úthlutun rannsóknamissara eins og hann mælist í stigamati er því greinanlegur. Langflestir þeirra sem fengu rannsóknamissari á athugunartímabilinu fóru í rannsóknamissari á árunum 2006-2008. Þegar rannsóknavirkni kennara er skoðuð á rannsóknamissarisári í samanburði við næstu tvö ár eftir rannsóknamissari kemur í ljós að rannsóknavirkni eykst að því er virðist reglubundið hjá þeim sem fara í rannsóknamissari. Í rannsóknastigum talið er meðalfjöldi stiga hærra hjá þeim sem fóru í rannsóknamissari ári eða tveimur árum eftir að rannsóknamissari hófst. Þegar skoðuð er sérstaklega breyting sem verður á rannsóknavirkni kennara í fyrsta rannsóknamissari og tvö ár á eftir kemur í ljós að tölfræðilega marktækur munur er á rannsóknavirkni á ári rannsóknamissaris og árinu eftir að farið er í rannsóknamissari. Rannsóknamissari skila því aukinni rannsóknavirkni að minnsta kosti árið eftir að farið er í rannsóknamissari.
- ❖ Þegar borin er saman rannsóknavirkni þeirra karla og kvenna sem þiggja rannsóknamissari kemur í ljós að karlar eru stigahærra en konur en úthlutun rannsóknamissaris hefur sambærileg áhrif á rannsóknavirkni karla og kvenna í kennarastöðum við HA.
- ❖ Konur hafa að meðaltali færri rannsóknastig en karlar á tímabilinu 2000-2009 og breiðkar bilið á milli rannsóknavirkni kynjanna eftir árið 2003. Þegar þetta er skoðað nánar kemur í ljós að munur á rannsóknastigum má að mestu skýra með því hversu ólíkum stöðum

kynin gegna við skólann, það er að karlar hafa fremur fengið framgang í starfi en konur.

- ❖ Úthlutun rannsóknamissera virðist hafa ólík áhrif á rannsóknavirkni kennara eftir því í hvaða stöðu þeir eru þegar þeir fara í rannsóknamisserið. Rannsóknavirkni prófessora helst til að mynda nokkuð jöfn en rannsóknavirkni dósentna og lektora eykst fyrsta árið eftir að rannsóknamisseri hefst en dregur úr rannsóknavirkni dósentna árið á eftir á meðan hún helst stöðug hjá lektorum. Þetta bendir til þess að ávinningur með rannsóknamisseri geti verið mismikill eftir því hvaða stöðu viðtakandi gegnir við skólann. Þó ber að athuga að rannsóknamisseri gæta verið þáttur sem gerir kennurum kleift að ekki einungis auka rannsóknavirkni tímabundið heldur einnig halda henni stöðugri yfir lengri tíma.
- ❖ Fjárframlög HA vegna rannsóknamissera kennara við skólann hafa aukist ár frá ári tímabilið 2000-2009 og á sama tíma hefur úthlutunum rannsóknamissera fjölgað. Á árunum 2005-2007 fór raunkostnaður við rannsóknamisseri fram úr fjárveitingu HA vegna rannsóknamissera. Fjárveiting fór úr 29,6 milljónum króna árið 2000 í 80 milljónir króna árið 2008 sem er aukning um 50,4 milljónir á tímabilinu. Heildarfjöldi rannsóknamissera fór á sama tíma úr 14 í 24. Heildarfjöldi dvalarmánaða erlendis við töku rannsóknamissera er ólíkur á milli tímabila en var mestur árið 2006-2007, þá voru fyrirhugaðir dvalarmánuðir erlendis alls 102. Dvalarmánuðir á hvert misseri voru að jafnaði yfir allt tímabilið 3,75.
- ❖ Á tímabilinu reiknast árlegur heildarkostnaður vegna rannsóknamissera að jafnaði 46,4 milljónir á ári miðað við að 9 rannsóknamisserum sé úthlutað að meðaltali ár hvert. Raunkostnaður er að jafnaði 2,9 milljónir fyrir hvert rannsóknamisseri og 5,1 milljón að jafnaði fyrir hvern rannsóknamisserishafa á tímabilinu 2000-2009.

- ❖ Áætlaður launa-, dagpeningar og ferðakostnaður er að jafnaði í nokkru samræmi við raunkostnað. Áætlaður kostnaður við hvert rannsóknamisseri eru 3 milljónir og 5,1 milljón á hvern rannsóknamissershafa.
- ❖ Á árunum 2000-2008 fjölgaði kennurum við Háskólann á Akureyri úr 56 í 130. Ef árlegur heildarkostnaður tekur mið af þessari fjölgun kennara við HA kemur í ljós að það dregur úr meðalkostnaði rannsóknamissera á hvern kennara á árunum 2000-2003 (úr 554 þúsund krónum á hvern kennara í 345 þúsund krónur) en eftir það vex kostnaður þó honum sé jafnað á heildarfjölda kennara hvert ár. Kostnaðaraukning vegna rannsóknamissera verður þrátt fyrir aukinn heildarfjölda kennara við HA. Það er kostnaðaraukning vegna rannsóknamissera er umfram fjölgun kennara við háskólann.
- ❖ Eins og fram hefur komið hefur upplýsingum um fyrirkomulag afleysinga vegna rannsóknamissera verið ábótavant. Engar skipulegar skráningar voru til hjá HA varðandi raunkostnað vegna rannsóknamissera síðustu 10 árin né heldur upplýsingar um hvernig afleysingum vegna rannsóknamissera hefur verið háttað.
- ❖ Reiknaður var, að gefnum forsendum, sá meðalkostnaður sem hlýst af töku rannsóknamissers eftir stöðu samkvæmt meðallaunum eftir stöðu ásamt meðal dagpeninga- og ferðakostnaði við rannsóknamisseri og launatengd gjöld. Ætla má að eitt rannsóknamisseri (0,5 ár) aðjúnkts kosti að jafnaði 3,6 milljónir, lektors 4,0 milljónir, dósents 4,1 milljón og prófessors 4,8 milljónir. Tvö rannsóknamisseri (1 ár) kosta að jafnaði 7,3 milljónir fyrir aðjúnkt, 8 milljónir fyrir lektor, 8,3 milljónir fyrir dósent og 9,6 milljónir fyrir prófessor.
- ❖ Erfitt er að fullyrða um þann kostnað eða aukakostnað sem fylgt hefur rannsóknamissurum utan þess sem áætlað er ár hvert. Það liggur þó ljóst fyrir að nokkuð svigrúm er til hagræðingar í tengslum við afleysingar vegna rannsóknamissera sem telst þó ekki til beins

kostnaðar við rannsóknamisseri. Kennarar sem hlotið hafa framgang í starfi og eru dýrari starfskraftur hafa í nokkrum mæli tekið að sér kennslu námskeiða rannsóknamisserishafa. Leiða má að því líkur að slíkt fyrirkomulag sé ekki hagkvæmt, sér í lagi ef að um er að ræða yfirvinnu kennara í fullri stöðu við HA. Staðgengilsmaal vegna rannsóknamissera hljóta þó einnig að takmarkast af aðgengi að hæfum starfskrafti og kröfum um gæði kennslunnar á meðan á rannsóknamisseri stendur.

- ❖ Niðurstaða gagnasöfnunar var einnig sú að mikilvægt er að hafa aðgengilegar á einum stað upplýsingar um þá þætti er varða úthlutun og töku rannsóknamissera svo og sögulegar upplýsingar á milli ára. Sú gagnasöfnun sem fram fór vegna úttektar rannsóknamissera nýtist til nauðsynlegar upplýsingagjafar til stjórnenda skólans.
- ❖ Ekki reyndist unnt að athuga frekar innihald og breytingar á viðfangsefni rannsókna eins og það birtist í skilaskýrslum rannsóknamissera. Rannsóknavirkni eins og hún kemur fram í fjölda rannsóknastiga í kjölfar rannsóknamissera má hafa til marks um umfang eða magn rannsókna. Réttmætur mælikvarði á rannsóknavirkni tekur bæði til magns og inntaks rannsóknavinnu. Frekari þörf er á að kanna hvort að taka rannsóknamisseris hefur áhrif á rannsóknavirkni með tilliti til inntaks rannsókna samhliða því að skoða áhrif á fjölda rannsóknastiga. Athugun á skilaskýrslum rannsóknamissera myndi vera til þess fallin að upplýsa um áhrif af töku rannsóknamissera á gæði rannsóknavinnu eða áherslubreytingar og hvernig það skilar sér til aukinna gæða í starfi HA. Þá væri hægt að svara þeim spurningum hvort rannsóknamisseri ýta undir aukinn fjölda birtinga ritrýndra fræðigreina eða ný og framsæknari viðfangsefni í kjölfarið. Í framhaldi af því mætti meta sérstaklega beinan ávinning HA af rannsóknamisserum með tilliti til aukinnar

rannsóknavirkni og gæða rannsókna í samanburði við kostnað vegna rannsóknamissera.

- ❖ Í ljósi ólíkrar stöðu og starfshlutfalls karla og kvenna við HA væri ekki úr vegi að skoða hvort um er að ræða launamun kynja í sambærilegum störfum.

HEIMILDIR

- Boening, C.H. (1996). *Faculty renewal through: An analysis of sabbatical applications patterns, 1986-1996*. Unpublished doctoral dissertation, University of Alabama, Tuscaloosa.
- Foreman, J.L. (1976). The 'mini'sabbatical: To upgrade college faculties at low cost. *Kappa Delta Pi Record*, 13(2), 34-35,65.
- Háskólinn á Akureyri Rit 2 (1993). *Árbók Háskólans á Akureyri 1987-1992* (Ritstj. Hjalti Jóhannesson og Stefán G. Jóhannsson). Háskólinn á Akureyri.
- Háskólinn á Akureyri Rit 4 (1999). *Árbók Háskólans á Akureyri 1992-1997* (Ritstj. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og María Steingrímsdóttir. Háskólinn á Akureyri.
- Háskólinn á Akureyri Rit 7 (2000). *Árbók Háskólans á Akureyri 1997-1999* (Ritstj. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Edda Kristjánsdóttir). Háskólinn á Akureyri.
- Meehan, W. (1999). *Faculty leave application patterns at Jacksonville State University, 1988-1998*. Unpublished doctoral dissertation, University of Alabama, Tuscaloosa.
- Miller, M.T., & Bai, K. (1998). A case study of post sabbatical assessment measures. *Journal of Staff, Program, and Organizational Development*, 15(1), 11-17.
- Miller, M.T., Murry Jr., J.W., Bai Kang (2007). Academic Leadership: *The Online Journal. Sabbatical Leave Programs as Form of Faculty Development*. Sótt 26.08.08 á slóðinni:
http://www.academicleadership.org/emprical_research/Sabbatical_Leave_Programs_as_Form_of_Faculty_Development.shtml
- Stjórnartíðindi (157/2008). *Reglur um rannsóknamisseri kennara við Háskólann á Akureyri*. Sótt 23. september 2008 af vefslóðinni:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=3f19deaa-581f-4915-80d5-5baa63718167>

Stofnanasamningur Háskólans á Akureyri við Félag háskólakennara á Akureyri frá 1. maí 2006 til 30. apríl 2008 (2006). Sótt 8. október 2009 af heimasíðu Félags Háskólakennara á Akureyri:
www.fha.is/static/files/FHA_Stofnanasamningur.PDF

Sima, C.M. (2000). The role and benefits of the sabbatical leave in faculty development and satisfaction. *New Directions for Institutional Research*, 27(1), 67-75.

Toomey, E.L. og Connor, J.M.(1988). Employee sabbaticals: Who benefits and why. *Personnel*, 65(4), 81-84.

Zarhorski, K.J. (1994). *The sabbatical mentor: A practical guide to successful sabbaticals*. Bolton, MA:Anker.

Vefsíða Félags háskólakennara á Akureyri. Samkomulag á milli HA og FHA. Sótt 09.06.2010 á slóðinni
http://www.fha.is/static/files/Samkomulag_FHA_HA_DES2_09.PDF

Vefsíða Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri (2). Stigamat kennara. Sótt 26.08.08 á slóðinni:
http://www.rha.is/skrar/File/Rannsoknir/2007/Leyfi/Reglur_um_rannsoknamisseri_kennara_samth_20280108.pdf

Vefsíða Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri (3). Stigamat kennara. Sótt 26.08.08 á slóðinni:
<http://www.rha.is/?mod=sidur&mod2=view&id=41>

Viðmælendaskrá:

Ása Guðmundardóttir, skrifstofustjóri Viðskipta- og raunvísindasviðs HA, 10.09 og 12.12.2008. Tölvupóstur: Gögn vegna rannsóknamissera og Námskeiðsflokkar.

Ása Guðmundardóttir, skrifstofustjóri Viðskipta- og raunvísindasviðs HA,
03.12.2009. Tölvupóstur: Afleysingar.

Guðrún Kristinsdóttir, ritari rektors HA, 20.04.2010. Tölvupóstur: Fyrirspurn.

Heiða Kristín Jónsdóttir, skrifstofustjóri Hug- og félagsvísindasviðs HA,
29.09.2008. Tölvupóstur: Gögn vegna rannsóknamissera.

Hugrún Helgadóttir, verkefnisstjóri launa- starfsmannamála HA, 12.12.2008.
Tölvupóstur: Úttekt á rannsóknamissinum.

Hugrún Helgadóttir, verkefnastjóri launa- og starfsmannamála HA,
16.10.2009. Tölvupóstur: Ein spurning.

Lára Ósk Garðarsdóttir, skrifstofustjóri Heilbrigðisdeildar HA, 29.09.2008.
Tölvupóstur: Gögn vegna rannsóknamissera.

VIÐAUKI 1

Formlegt svarbréf til rannsóknamissersihafa

Sólborg v/Norðurslóð
600 Akureyri

Sími 460 80 00
Fax 460 89 99

www.unak.is
unak@unak.is



29. apríl 2008

[REDACTED]

Efni: Rannsóknamisseri

Ágæti [REDACTED]

Háskólaráð hefur á grundvelli tillögu rannsóknamissersisnefndar ákveðið að veita þér rannsóknamisseri á haustmisseri árið 2009 og vormisseri 2010. Nefndin gerir ráð fyrir að þú takir misserið með þeim hætti sem fram kemur í umsókn þinni í febrúar 2008. Reiknað er með því að þú hafir náði samráð við deildarforseta um ráðningu á staðgengli fyrir þig á meðan þú nýtir rannsóknamisserið.

Einnig er rannsóknamissersihafa bent á að Háskólinn á Akureyri liti svo á að samþykki akademískur starfsmaður boð um rannsóknamisseri hafi hann fallist á að stofnuninni sé heimilt að flytja kennslueiningar á milli kennsluára takist starfsmanninum ekki að uppfylla kennsluskyldu sína vegna rannsóknamissersis. Rannsóknamissersisnefnd hefur eftirlit með að þessu verði framfylgt í samráði við launadeild.

F.h. rannsóknamissersisnefndar

Elísabet Hjörleifsdóttir
formaður

Afrit: [REDACTED]

VIÐAUKI 2

Úr stofnanasamningi Háskólans á Akureyri við Félag háskólakennara á Akureyri frá 1. maí 2006 til 30. apríl 2008.

Tafla A Rannsóknavirkni, 3 eða 5 ára meðaltal		Tafla B Rannsóknavirkni, 3 eða 5 ára meðaltal		Tafla C Rannsóknavirkni, 3 eða 5 ára meðaltal	
Prófessorar		Lektorar og dósentar, fullt starf		Aðjúnktar, fullt starf	
Rannsóknastig	Kennsluskylda	Rannsóknastig	Kennsluskylda	Rannsóknastig	Kennsluskylda
9	49%	9	52%	6	66%
8	50%	8	53%	5	67%
7	51%	7	54%	4	68%
6	52%	6	55%	3	69%
5	53%	5	56%	2	70%
4	54%	4	57%	1	71%
3	55%	3	58%	0	72%
2	56%	2	59%		
1	57%	1	60%		
0	58%	0	61%		

Mynd 39. Hlutfallsleg kennsluskylda miðað við meðaltalsrannsóknvirkni síðustu þrjú til fimm árin.